# FRÉTTABLAÐIÐ

186. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 9. ÁGÚST 2018





Sænski þjálfarinn Erik Hamrén var glaðbeittur þegar hann var kynntur til leiks sem nýr þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu á blaðamannafundi í höfuðstöðvum KSÍ í gær. Hamrén sem tekur við starfinu af Heimi Hallgrímssyni situr hér við hlið Freys Alexanderssonar, sem verður aðstoðarmaður hans með íslenska liðið, og Guðna Bergssonar, formanns Knattspyrnusambandsins. Hann er fjórði Svíinn sem stýrir íslenska landsliðinu, en hann fetar meðal annars í fótspor Lars Lagerbäck sem stýrði liðinu með afar góðum árangri. Sjá síðu 18. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

# Tugmilljóna arður af meðferð fyrir börn

**Pétur G. Broddason, sem rekur meðferðarheimili fyrir börn í vímuefnavanda með samningi við ríkið sem greiðir kostnaðinn, hefur tekið sér rúmar 42 milljónir í arð út úr félagi sínu um starfsemina. Ráðherra segir ekki markmiðið að einstaklingar þéni á meðferðum.**

**STJÓRNSÝSLA** „Í rauninni er þetta hluti af mínum launum við að reka fyrirtækið,“ segir Pétur G. Broddason sem rekur meðferðarheimili fyrir börn og hefur tekið sér 42 milljóna arð út úr heimilinu eftir að hann stofnaði einkahlutafélag um reksturinn – sem allur er greiddur af ríkinu.

Laugaland í Eyjafirði er einkarekið meðferðarheimili fyrir ungmenni í vímuefnavanda og starfar samkvæmt rekstrarsamningi og undir yfirstjórn Barnaverndarstofu, sem sinnir jafnframt eftirliti með heimilinu.

Félagið Pétur G. Broddason ehf., samnefnt eigandanum, var stofnað vegna rekstursins. Fyrsta heila starfsár þess var árið 2008. Síðan þá hefur félagið, sem er alfarið í eigu Péturs, greitt honum rúmar 42 milljónir króna í arð út úr fyrirtækinu.

> Það fer gott orð af úrræðinu á Laugalandi.
>
> Ásmundur Einar Daðason velferðarráðherra



Tekjur fyrirtækisins koma alfarið frá ríkinu til að reka meðferðarheimilið. Pétur vill síður ræða um arðgreiðslurnar. „Það er lögum samkvæmt heimilt og í rauninni er þetta bara allt annað en menn geta ímyndað sér,“ segir hann meðal annars.

Ríkisendurskoðun hvatti á árinu 2011 velferðarráðuneytið til að taka afstöðu til einkarekinna meðferðarheimila sem rekstrarforms. Þremur árum síðar skýrði ráðuneytið Ríkisendurskoðun frá því að í burðarliðnum væri stofnun til að taka að hluta til við verkefnum einkarekinna meðferðarheimila.

„Það er ekki markmið ríkissjóðs að einstaklingar þéni á úrræðum,“ segir Ásmundur Einar Daðason velferðarráðherra. – **sa** / **sjá síðu 4**

## Farþegafjöldinn stendur í stað hjá Icelandair

**VIÐSKIPTI** Fjöldi farþega sem flugu með Icelandair á fyrstu sjö mánuðum ársins stóð í stað miðað við sama tíma í fyrra. Farþegum WOW air fjölgaði hins vegar um tæplega þriðjung.



„Við gerum ráð fyrir því að samkeppnin verði áfram hörð en offramboð á tilteknum mörkuðum getur aldrei gengið til lengdar,“ segir Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group.

– **kij** / **sjá síðu 16**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Hanna Katrín Friðriksson skrifar um öfgaöfl sem náð hafa fótfestu erlendis. **14**

**TÍMAMÓT** Stefán frá Möðrudal, hefði orðið 110 ára á árinu og í tilefni þess er sýning á verkum hans í Hofi á Akureyri. **20**

**MENNING** Kammersveitin Elja og Ung nordisk musik leiða saman hesta sína á tónleikum. **24**

**LÍFIÐ** Hljóðfæri Vintage Caravan týnd á Spáni, fóru tómhentir heim. **32**




**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Norðangjóla í dag. Víða léttskýjað, en skýjað og skúrir á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast sunnanlands. SJÁ SÍÐU 22

# Gangan undirbúin




Mannskapur úr Trans Íslandi, félagi trans einstaklinga á Íslandi, hittist í gærkvöldi í heimahúsi í Vesturbæ Reykjavíkur til að gera klárt fyrir Gleðigönguna á Hinsegin dögum á laugardag. Máluð voru skilti með boðskap af ýmsu tagi til meðborgaranna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Laus úr haldi í hnífsstungumáli

**LÖGREGLUMÁL** Landsréttur felldi í fyrradag úr gildi gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Vesturlands yfir manni sem grunaður er um að hafa stungið bróður sinn í hálsinn á Akranesi um miðjan síðasta mánuð.

Á verknaðarstundu hafði bræðrunum sinnast. Að sögn hins grunaða hafði hann flúið inn á salerni en bróðir hans komið á eftir honum vopnaður hnífi. Við komu á sjúkrahús var bróðir hans með stungusár í andliti, á hálsi og handlegg auk annarra áverka.

Hinn grunaði var í upphafi úrskurðaður í viku gæsluvarðhald en það síðan framlengt af héraðsdómara til 29. ágúst með tilliti til almannahagsmuna. Með hliðsjón af aðdraganda meints brots þótti Landsrétti ekki nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna að hinn grunaði sætti gæsluvarðhaldi áfram. Úrskurðurinn var því felldur úr gildi. – jóe

## Sádi-Arabar vilja enga málamiðlun

**KANADA** Sádi-Arabar hafa engan áhuga á málamiðlun í nýrri deilu þeirra við Kanada. Þetta hafði AFP eftir utanríkisráðherranum Adel al-Jubeir í gær. „Kanadamenn gerðu reginmistök og þau mistök ber þeim að leiðrétta,“ sagði al-Jubeir.

Tíst kanadíska utanríkisráðuneytisins á föstudag, þar sem áhyggjum var lýst af handtöku sádiarabíska aktívistans Samar Badawi, sem berst fyrir auknum réttindum kvenna, er neistinn sem kveikti þessa deilu.

Sádi-Arabar brugðust harkalega við. Hafa meðal annars sett öll áform um viðskipti við Kanada og fjárfestingu þar í landi á ís, aflýst flugi til Toronto, sparkað kanadíska sendiherranum úr landi, kallað sendiherra sinn heim frá Kanada og á þriðjudag var tilkynnt að allir sádiarabískir sjúklingar í Kanada yrðu sendir á sjúkrahús í öðrum löndum. – þea

## Lögreglan leitar ofbeldismanns

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan lýsti í gær eftir Birni Daníel Sigurðssyni. Í tilkynningu kemur fram að Björn hafi ekki skilað sér í afplánun á Vernd á tilsettum tíma um síðustu helgi.

Lögregla biður því þá sem vita hvar Björn Daníel heldur sig, eða geta veitt upplýsingar um ferðir hans, að hringja strax í lögreglu í síma 112. Björn Daníel er 26 ára, 180 sentimetrar á hæð og um 80 kíló. Hann var klæddur í íþróttafatnað og hvíta skó þegar síðast sást til hans.

Björn Daníel var dæmdur í fjögurra ára fangelsi í febrúar fyrir frelsissviptingu, hótanir, líkamsárásir og kynferðisbrot gegn fyrrverandi sambýliskonu sinni. – þea



Björn Daníel Sigurðsson.




# Framliðnir hluthafar í flokkshúsi Framsóknar

**Hlutur Framsóknarflokksins í félagi sem á höfuðstöðvar flokksins hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Flokksmönnum stóð til boða að kaupa hlut í félaginu þegar safnað var fyrir höfuðstöðvum. Stór hluti skráðra eigenda er látinn.**

**STJÓRNMÁL** Skráðir eigendur að rúmlega fimm prósentum hlutafjár í félagi sem á höfuðstöðvar Framsóknarflokksins eru farnir yfir móðuna miklu. Meðal skráðra eigenda samkvæmt ársreikningi eru fyrrverandi ráðherrar og þingmenn flokksins.

Framsóknarflokkurinn eignaðist efri hæð fasteignarinnar að Hverfisgötu 33 árið 1998 en þá afsalaði eignarhaldsfélagið Ker hf. eigninni til flokksins. Skráður eigandi hússins er félagið Skúlagarður hf., sem er samkvæmt nýjasta ársreikningi að 86 prósentum í eigu Framsóknarflokksins. Hlutur flokksins hefur aukist jafnt og þétt en árið 2002 var hann 71 prósent.

Þegar flokkurinn hóf söfnun til að kaupa húsnæðið var sú leið farin að stofna félag um eignina. Aðrir eigendur þess voru kjördæmissambönd flokksins, einstök félög innan hans og einstaklingar sem styrktu flokkinn. Í auglýsingu sem birtist árið 1991 í Einherja, blaði Framsóknarmanna í Norðurlandskjördæmi eystra, segir að þeir sem greiði meira en þúsund krónur á mánuði í styrk til flokksins myndu eignast hlut í Skúlagarði hf. umfram þúsund krónur. Samfara því myndu þeir njóta skattaafsláttar sem því er samfara að eiga hlut í félaginu.

Samkvæmt nýjasta ársreikningi Skúlagarðs hf., sem er frá 2016, eru skráðir hluthafar í félaginu á fjórða hundrað. Sé hluthafalistinn skoðaður sést hins vegar að um þriðjungur þeirra er látinn. Meðal skráðra eigenda eru til að mynda fyrrverandi ráðherrarnir Steingrímur Hermannsson, Vilhjálmur Hjálmarsson og Halldór E. Sigurðsson. Fimm af þeim níu einstaklingum sem stærstan hlut eiga eru látnir. Dæmi eru um að einstaklingar sem létust árið 1993 séu skráðir eigendur.



Eign Skúlagarðs er metin á rúmar 120 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Undanfarin ár hefur fækkað í hluthafahópnum og hefur fjöldi skráðra eigenda, auk erfingja upphaflegra eigenda, gefið hlut sinn í félaginu til flokksins. Þá eru einnig dæmi um að fólk sem hefur sagt skilið við flokkinn hafi losað um hlut sinn.

„Ef félag er einhvers virði og hluthafi lætur hlut sinn af hendi endurgjaldslaust til stjórnmálasamtaka þá ber að telja það fram sem styrk til flokksins,“ segir Guðrún Jenný Jónsdóttir, yfirlögfræðingur Ríkisendurskoðunar. Hún vill ekki tjá sig sérstaklega um mál Skúlagarðs eða hvort sá háttur hafi verið hafður á hjá félaginu.

Hrólfur Ölvisson, skráður stjórnarformaður Skúlagarðs, vildi engu svara um málefni félagsins þegar leitað var eftir því.

Fasteignamat eignarhluta Skúlagarðs að Hverfisgötu 33 er nú rúmar 120 milljónir króna. Samkvæmt mati næsta árs er það tæplega 145 milljónir króna. Eini rekstur félagsins hefur verið að halda utan um húseignina og leigja hana Framsóknarflokknum. joli@frettabladid.is

SMÁRALIND




## ÚTSÖLULOK OG ENN MEIRI AFSLÁTTUR

OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT



**Notað við ADHD.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Rítalín best við barna-ADHD

**HEILBRIGÐISMÁL** Heppilegast og öruggast er að nota Rítalín og önnur skyld lyf með virka efnið meþílfenídat, til að meðhöndla athyglisbrest með ofvirkni (ADHD) hjá börnum. Aftur á móti er það vænlegast til árangurs hjá fullorðnum að nota lyf eins og Adderral sem innihalda virka efnið amfetamín.

Þetta er meginniðurstaða nýrrar rannsóknar sem birt var í vísindaritinu Lancet Psychiatry fyrr í vikunni. Rannsóknin var umfangsmikil og tók til gagna úr 133 tvíblindum slembirannsóknum þar sem virkni mismunandi tegunda lyfja við ADHD, þar á meðal meþílfenídats og amfetamíns, var borin saman við lyfleysu.

Rannsóknarhöfundar benda á að börnum sem fái lyf við ADHD hafi fjölgað undanfarin ár. Sú þróun hafi orðið á sama tíma og vísindamenn og almenningur hafi öðlast dýpri þekkingu á sjúkdóminum. Því sé mikilvægt að börn með greiningu fái viðeigandi lyf. Niðurstöðurnar séu mikilvægur liður í því að tryggja gæði meðferðar. Í kringum fimm prósent allra barna þjást af ADHD.

„Niðurstöður okkar verða vonandi til þess að fólk með ADHD fái viðeigandi meðferð,“ sagði Andrea Cipriani, prófessor við Oxford háskóla og einn rannsóknarhöfunda.

Aukin lyfjanotkun í tengslum við ADHD hefur oft sætt mikilli gagnrýni, sérstaklega þeirra sem telja aðrar leiðir heppilegri, eins og til dæmis hugræna athyglismeðferð eða athafnasemismeðferð. Rannsóknarhöfundar segja þetta rangt. Slík meðferð geti sannarlega hjálpað en hún slái ekki á einkenni ADHD eins og eftirtektarleysi, hvatvísi og ofvirkni. Lyfin þjóni þeim tilgangi að virkja þá líffræðilegu ferla sem stuðla að eðlilegri virkni heilans. **– khn**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Kórar Íslands hækkuðu eftir endurmat hjá ráðuneyti

**STJÓRNSÝSLA** Nefnd um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar þarf að taka mál Kóra Íslands fyrir að nýju eftir að ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra féllst á endurupptökubeiðni Sagafilm vegna málsins.

Í október í fyrra hafnaði nefndin umsókn framleiðandans um endurgreiðslu þar sem þættirnir þóttu ekki uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til að hljóta endurgreiðslu. Samkvæmt lögum er skilyrði fyrir endurgreiðslu það að hið framleidda efni sé til þess fallið að koma íslenskri menningu á framfæri, kynna sögu lands eða náttúru eða það stuðli að aukinni reynslu, þekkingu og listrænum metnaði þeirra sem að því standa. Matið skiptist í átta liði sem hver um sig gefur að hámarki tvö stig.

Fjögur stig þarf úr menningarhluta matsins til að hljóta endurgreiðslu. Mat nefndarinnar var að þættirnir skoruðu aðeins þrjú stig og var umsókninni því hafnað. Í desember á síðasta ári staðfesti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið mat nefndarinnar og synjaði um endurgreiðslu.

Sagafilm undi því ekki og óskaði endurupptöku þar sem fyrirtækið taldi ákvörðun ráðuneytisins byggða á röngu mati og broti á jafnræðisreglu. Fallist var á endurupptökuna. Við þá skoðun hækkaði ráðuneytið matið fyrir „íslenska siði og venjur eða menningu og sjálfsmynd“ úr einu stigi í tvö. Verkefnið hlaut því fjögur stig alls og var lagt fyrir endurgreiðslunefndina að taka málið til meðferðar á ný. **– jóe**



**Friðrik Dór var kynnir í þáttunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL ÞÓR

# Ráðherra segir háa arðgreiðslu frá meðferðarheimili óeðlilega

**Eigandi rekstrar í kringum meðferðarheimilið að Laugalandi í Eyjafirði hefur greitt sér rúmlega 40 milljónir króna í arð á síðustu árum. Einu tekjurnar koma úr ríkissjóði. Ásmundur Einar Daðason velferðarráðherra segir það ekki vera markmið ríkisvaldsins að einstaklingar þéni á úrræðum fyrir börn í vímuefnavanda.**

**STJÓRNSÝSLA** Rekstraraðili meðferðarheimilisins að Laugalandi í Eyjafirði hefur tekið sér 42 milljónir í arð út úr meðferðarheimilinu á síðustu árum eftir að hann stofnaði einkahlutafélag um reksturinn.

Laugaland er einkarekið meðferðarheimili sem starfar samkvæmt rekstrarsamningi og undir yfirstjórn Barnaverndarstofu, sem sinnir jafnframt eftirliti með heimilinu.

Eignarhaldsfélagið Pétur G. Broddason ehf., samnefnt rekstraraðilanum, var stofnað vegna reksturs meðferðarheimilisins og fyrsta heila starfsár fyrirtækisins var árið 2008. Frá þeim tíma hefur einkahlutafélagið, þar sem Pétur er eini eigandi fyrirtækisins og framkvæmdastjóri þess frá upphafi, greitt sér rúmar 42 milljónir króna út úr fyrirtækinu.

Tekjur fyrirtækisins koma alfarið inn frá ríkinu til að reka meðferðarheimilið. Stór hluti ónotaðs fjár ríkisins á heimilinu virðist við fyrstu sýn renna í vasa rekstraraðilans.

Pétur vildi lítið ræða við blaðamann um arðgreiðslur út úr fyrirtækinu.

„Ég hef bara ekki hugmynd um það, þú verður bara að spyrja Barnaverndarstofu að því. Ég rek fyrirtækið undir yfirstjórn hennar þannig að ég vísa því bara þangað. Allir ársreikningar mínir fara þangað,“ segir Pétur. „Það er lögum samkvæmt heimilt og í rauninni er þetta bara allt annað en menn geta ímyndað sér. Í rauninni er þetta hluti af mínum launum við að reka fyrirtækið. Það er mitt að ákveða hvernig ég geri það eins og í öðrum fyrirtækjum.“

Velferðarráðuneytið var strax árið 2011 hvatt, í skýrslu Ríkisendurskoðunar, til að taka afstöðu til einkarekinna meðferðarheimila sem rekstrarforms.

Í svörum velferðarráðuneytisins árið 2014 við eftirfylgniskýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að ný stofnun á höfuðborgarsvæðinu væri í burðarliðnum til að taka að hluta til við verkefnum einkarekinna meðferðarheimila „þar sem ekki verður séð að útvistun feli í sér hagkvæmara eða markvissara meðferðarstarf“.

„Það fer gott orð af úrræðinu á Laugalandi. Hins vegar erum við nú að fara yfir öll þessi úrræði sem við erum að bjóða og heildarendurskoðun hafin innan starfshóps og von er á að þeirri vinnu ljúki nú á haustmánuðum,“ segir Ásmundur Einar Daðason velferðarráðherra.

„Þetta hlýtur að verða skoðað samhliða í þeirri vinnu. Það er ekki eðlilegt að menn séu að greiða sér háan arð úr svona fyrirtækjum. Það er ekki markmið ríkissjóðs að einstaklingar þéni á úrræðum. Það er markmið ríkissjóðs að við veitum góð úrræði.“ **sveinn@frettabladid.is**



**Laugaland í Eyjafirði hefur verið rekið af félaginu Pétri G. Broddasyni ehf. í meira en áratug.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**Arðgreiðslur**

| | |
|---|---|
| 2017 | 5.000.000 |
| 2016 | 4.500.000 |
| 2015 | 4.500.000 |
| 2014 | 3.500.000 |
| 2013 | 4.500.000 |
| 2012 | 4.500.000 |
| 2011 | 4.345.000 |
| 2010 | 4.125.000 |
| 2009 | 3.700.000 |
| 2008 | 3.000.000 |
| Samtals | 41.670.000 |

**Nýtingarhlutfall**

| | |
|---|---|
| 2011 | 98,0 |
| 2012 | 98,4 |
| 2013 | 83,2 |
| 2014 | 67,8 |
| 2015 | 58,9 |




# Verri rekstraraðstæður skýra lægra verðmat á hlutabréfum HB Granda

**VIÐSKIPTI** Greinendur ráðgjafarfyrirtækisins Capacent meta gengi hlutabréfa í HB Granda á 24,9 krónur á hlut í nýju verðmati og segja markaðsgengi bréfanna of hátt fyrir hinn almenna fjárfesti. Erfitt sé að sjá að gengið hækki mikið eftir að Brim eignaðist ríflega þriðjungshlut í sjávarútvegsfélaginu.

Verðmatsgengi Capacent er um 27 prósentum lægra en gengi hlutabréfa í HB Granda stóð í – 34 krónur á hlut – við lokun markaða í gær. Hefur verðmat greinendanna lækkað um tvö prósent frá fyrra mati en endurskoðuð rekstraráætlun þeirra skýrir lækkunina að mestu leyti. Þannig gera sérfræðingar Capacent ráð fyrir að rekstrarhagnaður HB Granda verði 32,5 milljónir evra í ár en áður höfðu þeir spáð rekstrarhagnaði upp á 35 milljónir evra.

Verðmat Capacent á sjávarútvegsfyrirtækinu hefur lækkað um 17 prósent frá sumrinu 2016, þegar greinendurnir mátu gengi bréfanna á 29,9 krónur á hlut, en ástæðan er sögð sífellt versnandi rekstraraðstæður félagsins. Á móti verri horfum hafi stjórnendur HB Granda þó gripið til hagræðingaraðgerða. Telja greinendur Capacent að helst gæti barátta um yfirráð í sjávarútvegsfélaginu eða hraustleg dýfa krónunnar hækkað verðmæti þess. **– kij**



**Guðmundur Kristjánsson, forstjóri HB Granda.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# ALLAR SKÓLATÖSKUR FRÁ 30% AFSLÆTTI

## TRYGGÐU ÞÉR TÖSKU Á FRÁBÆRU VERÐI!




**Bakpoki körfubolti**
**TILBOÐSVERÐ: 9.799.-**
Verð áður: 13.999.-



**Bakpoki bleikur**
**TILBOÐSVERÐ: 14.139.-**
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki blómamunstur**
**TILBOÐSVERÐ: 14.139.-**
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki pony**
**TILBOÐSVERÐ: 14.139.-**
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki dökkblár**
**TILBOÐSVERÐ: 14.139.-**
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki felulitir**
**TILBOÐSVERÐ: 14.139.-**
Verð áður: 20.199.-



**Bakpoki boltastrákur**
**TILBOÐSVERÐ: 14.139.-**
Verð áður: 20.199.-




**Bakpoki grár**
**TILBOÐSVERÐ: 5.599.-**
Verð áður: 7.999.-




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Framúrskarandi fyrirtæki

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð á töskum gildir til og með 12. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Biti var trúlega alveg bit þegar hann var handtekinn. NORDICPHOTOS/AFP

# Biti tekinn við landamærinn

**SIMBABVE** Lögreglan í Simbabve náði rétt að bíta í hælana á fyrrverandi fjármálaráðherranum Tendai Biti á landamærunum við Sambíu er hann reyndi að flýja land í gær. Yfirvöld þar í landi hafa sýnt tennurnar allt frá kosningum síðustu viku og var lýst eftir Biti, ásamt átta öðrum meðlimum stjórnarandstöðuflokksins MDC, á þriðjudag.

Mennirnir níu eru sakaðir um að hafa kynt undir átökum MDC-liða og lögreglu í Harare fyrir viku sem kostuðu sex mótmælendur lífið.

Þrátt fyrir ásakanirnar er Biti ekki sakbitinn yfir málinu, enda halda MDC-liðar fram að svindlað hafi verið í kosningum mánudagsins. Forseta- og þingkosningarnar reyndust of stór biti fyrir MDC-liða og lutu þeir í lægra haldi fyrir ZANU-PF.

Lögmaður Biti sagði í gær að hann hafi reynt að flýja til Sambíu til að sækja um hæli. Joe Malanji, utanríkisráðherra Sambíu, sagði síðar að þeirri beiðni hafi verið neitað og að unnið væri með yfirvöldum í Simbabve að því að koma Biti aftur til Harare. – þea

## Óstöðvandi eldar



Kaliforníumaðurinn Arnold Lasker horfir yfir rústir húss kærustu sinnar í Spring Valley í norðurhluta ríkisins. Húsið eyðilagðist í ótrúlegum skógareldum sem geisað hafa í Kaliforníu og telja yfirmenn slökkvistarfsins á svæðinu að þeir muni ekki slokkna í þessum mánuði. Tugir þúsunda slökkviliðsmanna reyna nú að hemja eldhafið sem hefur kostað að minnsta kosti ellefu lífið frá því að eldar kviknuðu í júlí. NORDICPHOTOS/AFP


**Aðalfundur**

Fundurinn verður haldinn á skrifstofu félagsins í Fákafeni 9, 108 Reykjavík.
Aðalfundur Blátt áfram verður haldinn þriðjudaginn 14. ágúst kl: 16:00.

**Dagskrá fundarins**

1. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
2. Starfsskýrsla síðasta árs.
3. Önnur mál.

Blátt áfram
Forvarnir gegn kynferðisofbeldi á börnum

**Hljóðritasjóður**
Umsóknarfrestur til **17. september**



**Rannís auglýsir eftir styrkumsóknum í Hljóðritasjóð.**

Hlutverk Hljóðritasjóðs er að efla hljóðritun á íslenskri tónlist. Veittir eru styrkir til að taka upp nýja, frumsamda íslenska tónlist og þannig er stutt við nýsköpun hennar.

Hljóðritin skulu kostuð af íslenskum aðilum en mega einnig vera samstarfsverkefni við erlenda aðila.

Styrkir eru veittir til ákveðinna verkefna að hámarki til eins árs. Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári í mars og september.

**Næsti umsóknarfrestur er til 17. september kl. 16.00.**

**Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á www.rannis.is. Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.**

Stjórn Hljóðritasjóðs
Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Netfang: hljodritasjodur@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


# Hjónavígslum á vegum Siðmenntar snarfjölgar

**Sífellt fleiri láta Siðmennt sjá um hjónavígslu sína. Erlendir ferðamenn velja oft að láta gifta sig úti í íslenskri náttúru. Formaður Siðmenntar telur að fleiri kjósi persónulegri athöfn þar sem áhersla sé á einstaklingana og hið sammannlega.**

**SAMFÉLAG** „Óskum eftir athöfnum hefur farið fjölgandi á hverju ári síðan við förum að bjóða upp á þessa þjónustu. Ég held það verði ekkert lát á þessari fjölgun á næstu árum. Giftingar eru mjög algengar meðal erlendra ferðamanna en líka meðal Íslendinga,“ segir Sigurður Hólm Gunnarsson, formaður Siðmenntar.

Það sem af er ári hafa 202 hjónavígslur verið framkvæmdar af Siðmennt en allt síðasta ár voru þær 213 talsins.

Á vegum félagsins starfa nú á fjórða tug athafnarstjóra en boðið er upp á nafngjafir, útfarir og fermingu auk hjónavígslna.

Samkvæmt upplýsingum frá Siðmennt hefur fjöldi Íslendinga sem kjósa að láta félagið sjá um hjónavígsluna tvöfaldast á síðustu fimm árum. Fjöldi erlendra ferðamanna hefur hins vegar margfaldast á þessum tíma.

„Við bjóðum af og til upp á námskeið fyrir þá sem hafa áhuga á að gerast athafnarstjórar. Það komast færri að en vilja en við munum þurfa að fjölga meira í framtíðinni eftir því sem eftirspurn eykst.“

Til marks um hina miklu eftirspurn eftir þjónustu Siðmenntar eru 12 athafnir fyrirhugaðar þann 18. ágúst næstkomandi.

„Ég held að eftir því sem fleiri eru viðstaddir athafnir á okkar vegum, þeim mun fleiri vita af þessum valkosti og fleiri nýta sér hann. Við höfum ekki auglýst þessa þjónustu sérstaklega. Þetta spyrst einfaldlega út. Það er algengast að við fáum þau svör að fólk hafi heyrt af þessu í gegnum þá sem hafa nýtt sér þjónustuna eða verið viðstaddir athöfn.“

Sjálfur segist Sigurður ekki



Hér sést Bjarni Snæbjörnsson, einn af athafnarstjórum Siðmenntar, við hjónavígslu á Búðum á Snæfellsnesi. MYND/KRISTÍN MARÍA FYRIR PINK ICELAND

> Við förum í rauninni hvert sem er þangað sem brúðhjónin óska. Það getur verið undir fossi, inni í helli en líka bara heima í stofu.
>
> Sigurður Hólm Gunnarsson, formaður Siðmenntar



stjórna mörgum athöfnum en það komi þó fyrir.

„Ég er stundum beðinn um að stjórna athöfnum. Það er ótrúlega gaman og einstaklega gefandi að taka þátt í þessu. Ég held að fólk sé að leita að persónulegri athöfn þar sem áherslan er á einstaklingana sjálfa, óháð einhverjum trúarbrögðum. Við leggjum áherslu á hið sammannlega.“

Það er algengt að erlendir ferðamenn sem koma hingað til lands til að láta gifta sig kjósi að láta athöfnina fara fram úti í náttúrunni.

„Við förum í rauninni hvert sem er þangað sem brúðhjónin óska. Það getur verið undir fossi, inni í helli en líka bara heima í stofu. Við erum líka stundum inni í Fríkirkjunni en þar er heimilt að vera með veraldlegar hjónavígslur.“

sighvatur@frettabladid.is




HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Enn ein morðhrinan skekur Chicago

**Lögreglu gengur illa að hafa hendur í hári sökudólga. 74 skotárásir gerðar um helgina og þrettán myrtir. Hundruð lögregluþjóna sendir í ofbeldisfyllstu og fátækustu hverfin og borgarstjóri biðlar til almennings um hjálp. Borgarbúar tregir til að svara kallinu vegna ótta um eigið líf og vantrausts í garð lögreglu.**



**Lögreglumenn á vettvangi einnar af fjölmörgum skotárásum undanfarinnar helgar. Yfirvöld í Chicago reyna að kljást við morðölduna en illa gengur. Lögreglu tekst aðeins að leysa lítið brot morðmála.** NORDICPHOTOS/AFP

**BANDARÍKIN** Undanfarnir dagar hafa verið erfiðir fyrir lögregluna í bandarísku borginni Chicago. Að minnsta kosti 74 voru skotnir um helgina og þar af létust þrettán. Yngsta fórnarlambið var, samkvæmt New York Times, aðeins ellefu ára. Enginn hefur enn verið handtekinn.

Þessi mikli fjöldi skotárása er síður en svo einstakur í borginni. 6.200 skotárásir voru gerðar árin 2016 og 2017 og létust rúmlega 1.400. Það sem af er ári hafa 325 verið myrt, samkvæmt USA Today, og þótt það sé fimmtungi minna en á sama tíma í fyrra lítur út fyrir að Chicago muni enn á ný verða sú borg þar sem flestir eru myrtir á árinu.

Til að bregðast við ástandinu sem hefur myndast, og morðhríð helgarinnar, ákvað lögregla borgarinnar að senda hundruð lögreglumanna til viðbótar í ofbeldisfyllstu hverfin. Rahm Emanuel borgarstjóri og lögreglustjórinn Eddie Johnson hvöttu borgarbúa svo í fyrrinótt til þess að gefa sig fram, hefðu þeir upplýsingar um árásarmenn helgarinnar.

Chicago Tribune greindi frá því í gær að lögregla borgarinnar leysti aðeins brotabrot morðmála. Lögregla neitaði að afhenda miðlinum skjöl svo hægt væri að reikna þá tölfræði. Rannsóknarvinna blaðamanna Chicago Tribune leiddi þó í ljós að einungis sautján prósent morðmála hafa verið leyst á síðasta ári, sú tala hafi farið lækkandi undanfarin ár.

Hlutfall leystra skotárásarmála er enn lægra. Samkvæmt rannsókn Háskólans í Chicago leysti lögregla einungis fimm prósent slíkra mála árið 2016.



Helstu ástæðuna sagði miðillinn vera tregðu íbúa ofbeldisfyllstu og jafnframt fátækustu hverfanna til þess að hjálpa lögreglu, en Johnson lögreglustjóri sagði flest mál helgarinnar tengjast gengjastarfsemi. Vilji íbúa til að veita þá hjálp sem Emanuel og Johnson óska eftir er því takmarkaður.

Í samtali við Chicago Tribune sagði heimildarmaður, í skjóli nafnleyndar, að þessi tregða væri skiljanleg. Hættulegt væri að bera vitni í morðmáli þegar maður byggi í hverfi þar sem svo mörg morð eiga sér stað.

Þá er líklegt að þau fjölmörgu tilfelli þar sem lögreglumenn hafa skotið svarta Bandaríkjamenn til bana leiki stórt hlutverk í þessu samhengi. Allnokkur slík mál hafa fengið mikla umfjöllun vestan hafs og hafa þau ekki verið til þess fallin að auka traust íbúa fátækustu hverfanna í garð lögreglu. **thorgnyr@frettabladid.is**

## Valtur stóll

Þessi mikli fjöldi glæpa er talinn veikja stöðu Demókratans Emanuels töluvert, en Repúblikanar hafa lengi gagnrýnt frammistöðu hans í málaflokknum. „Arfleifð hans eru fleiri morð en nokkru sinni fyrr. Heilaþvottur Demókrata er eina ástæða þess að hann eigi möguleika á því að sitja áfram,“ tísti Rudy Giuliani, lögmaður Donalds Trump forseta og fyrrverandi borgarstjóri New York, á mánudag.

Kosið er um borgarstjórastólinn á næsta ári og að öllu óbreyttu mun Emanuel gefa kost á sér til endurkjörs. Það gæti þó breyst. Grasrótarhreyfing stuðningsmanna fyrrverandi ríkisstjórans Pats Quinn reynir nú að koma því á kjörseðilinn, samhliða þingkosningunum í nóvember næstkomandi, að kosið verði um að takmarka skuli fjölda kjörtímabila sem borgarstjóri situr, líkt og tíðkast í flestum öðrum stórborgum Bandaríkjanna. Quinn skilaði yfirvöldum í gær 86.481 undirskrift þess efnis. En rúmlega 50.000 þarf til að hefja ferlið sem kemur málum á kjörseðilinn. Í könnun sem Quinn lét gera í júlí kom fram að þrír af hverjum fjórum borgarbúum væru hlynntir því að takmarka fjölda kjörtímabila.

Ef spurningin kemst á kjörseðilinn, og henni er svarað játandi í nóvember, mun Emanuel ekki geta gefið kost á sér að ári liðnu.



BOSS
HUGO BOSS

SAND
COPENHAGEN

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

G-STAR RAW

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI
collezione

MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)





**Mælifell á Mælifellssandi er keilulaga eins og allmörg önnur Mælifell á landinu. Mælifellssandur er á Fjallabaksleið syðri, norðan Mýrdalsjökuls.** MYND/ÓLAFUR MÁR

# Mælifell – græni píramídinn

**Tómas Guðbjartsson** læknir og náttúruunnandi og **Sigtryggur Ari Jóhannsson** ljósmyndari fjalla um sérstæðar perlur í íslenskri náttúru.

Á Íslandi eru að minnsta kosti tólf Mælifell sem öll eiga sameiginlegt að vera keilulaga og því auðþekkjanleg í landslaginu. Ferðamenn hafa því löngum nýtt þau til að rata og fyrr á öldum voru þau mikilvæg eyktarmerki. Stórfenglegast af Mælifellunum tólf er vafalítið Mælifell á Mælifellssandi, milli Mýrdalsjökuls og Torfajökuls, enda nánast fullkomlega keilulaga. Þetta er gamalt eldfjall sem myndaðist við gos undir jökli en er nú mosavaxið frá toppi til táar. Það minnir því á egypska Keopspíramídann klæddan ljósgrænum sparifötum. Hæsti tindurinn er 791 m hár og þótt hann gnæfi ekki nema 200 m yfir eyðimörkina í kring er útsýnið mikilfenglegt, eins og yfir norðanverðan Mýrdalsjökul, Tindfjöll, Háskerðing, Strút og upptök Hólmsár.

Leiðin yfir Mælifellssand frá Fljótshlíð og austur í Skaftártungur liggur fram hjá Mælifelli og kallast Fjallabaksleið syðri. Í dag er hún tiltölulega fáfarin en fyrr á öldum var þetta þjóðleið milli Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu og kallaðist Miðvegur, enda fljótfarnari en þegar komast þurfti yfir stóru jökulárnar við suðurströndina. Í Njálssögu segir að hér hafi Flosi Þórðarson farið með liði sínu í aðförina að Njáli á Bergþórshvoli.

Mælifellssandur getur verið mikið veðravíti en veturinn 1868 urðu fjórir Skaftfellingar úti skammt frá Mælifelli og heitir þar Slysaalda. Vakti atburðurinn mikinn óhug því þrátt fyrir mikla leit fundust líkin ekki fyrr en mörgum árum síðar. Á svipuðum slóðum brotlenti þyrla að vetri til og urðu báðir mennirnir úti þegar þeir reyndu að komast til byggða. Flestar ár á Fjallabaksleið syðri eru tiltölulega auðveldar yfirferðar fyrir vel útbúna jeppa en þegar komið er að fjallinu úr austri er oft saklaus aurbleyta á sandinum. Hólmsá getur hins vegar verið varasöm í vatnavöxtum.

Uppgöngustaðurinn á Mælifell er sunnan við fjallið við akveginn, og tekur tæpa klukkustund að ná tindinum. Gangstígur liggur upp fyrsta hlutann og er mikilvægt að fylgja honum til að skemma ekki viðkvæman gróðurinn. Þegar komið er að klettabeltinu ofarlega í fjallinu er mikilvægt að halda ekki beint í norður, heldur sveigja undir klettana til austurs og komast þannig mun auðveldari leið á tindinn. Ekki þarf annan útbúnað en góða gönguskó og eftir gönguna er tilvalið að skella sér í Strútslaug skammt frá og gista síðan í snotrum skála Útivistar við Strút. Annar valkostur er skáli Ferðafélags Íslands í ægifögru Hvanngili, aðeins vestar.





**Best er að sveigja til austurs undir klettana á leiðinni á toppinn.** MYND/ÓLAFUR MÁR



**Göngugarpar fagna á tindinum** MYND/ÓMB



**Mælifell í vetrarbúningi** MYND/TÓMAS

**Gangstígur liggur upp fyrsta hlutann og er mikilvægt að fylgja honum til að skemma ekki viðkvæman gróðurinn. Þegar komið er að klettabeltinu ofarlega í fjallinu er mikilvægt að halda ekki beint í norður, heldur sveigja undir klettana til austurs og komast þannig mun auðveldari leið á tindinn.**



**Útsýni er af fjallinu til Merkurjökuls í Mýrdalsjökli.** MYND/ÓLAFUR MÁR


Áin sem rennur fast undir Mælifelli nefnist Brennivínskvísl. MYND/ÓLAFUR MÁR


Útsýni af Mælifelli er firnagott. MYND/TÓMAS


Mælifell er hjúpað mosa frá toppi til táar. MYND/ÓMB


Uppganga á Mælifell tæp klukkustund. MYND/ÓMB





ÞRJÁR RAFMAGNAÐAR GERÐIR

TIL AFGREIÐSLU STRAX!

Hyundai hefur haslað sér völl sem einn framsæknasti bílaframleiðandi heims á sviði raf- og vetnistækni. Við bjóðum IONIQ rafbílinn í þremur glæsilegum útfærslum.

IONIQ rafbílalína Hyundai er sú eina sinnar tegundar á markaðnum og spannar allt frá 100% rafbíl til Hybrid og tengjanlegra Plug-in Hybrid tvinnbíla sem hafa unnið til fjölda umhverfisverðlauna á undanförnum misserum.

**Hyundai IONIQ 100% rafbíll. Verð frá: 3.590.000 kr.**

HYUNDAI

8 YEAR / 200.000 KM BATTERY WARRANTY*

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM89300

# Stöðnun í farþegaflutningum Icelandair

**Það sem af er ári hefur farþegum Icelandair aðeins fjölgað um 0,1 prósent miðað við sama tímabil í fyrra. Sætanýting hefur auk þess verið lakari alla mánuðina nema einn. Fjármálastjóri Icelandair segir að félagið hafi ekki gert ráð fyrir verulegri fjölgun farþega.**

**FLUGFÉLÖG** Heildarfjöldi farþega sem ferðuðust með Icelandair á fyrstu sjö mánuðum ársins stóð í stað miðað við sama tímabil í fyrra. Á sama tímabili fjölgaði farþegum WOW air um tæplega þriðjung. Fjármálastjóri Icelandair segir félagið gera ráð fyrir að samkeppni á markaðinum verði áfram hörð en jafnframt að offramboð geti ekki gengið til lengdar.

Flugfélagin tvö birtu í vikunni helstu flutningatölur fyrir júlí og var skarpur munur þar á. Annars vegar nam fjöldi farþega Icelandair 519 þúsundum og fækkaði þeim um fimm prósent miðað við júlí á síðasta ári. Hins vegar flutti WOW air 409 þúsund farþega eða um 29 prósentum fleiri en í júlí árið 2017. Sætanýting flugfélaganna var einnig ólík. Hún var 92 prósent hjá WOW air en 85,3 prósent hjá Icelandair.

Farþegum Icelandair fækkaði á milli ára í fimm af þeim sjö mánuðum sem eru liðnir af árinu. Tíu prósenta fjölgun í maí heldur félaginu þó réttu megin við núllið. Sé litið aftur til áramóta hefur Icelandair flutt 2.294.000 farþega, eða rúmlega 0,1 prósenti fleiri en á sama tímabili í fyrra. Þá hefur sætanýting verið lakari í öllum mánuðunum, samanborið við sömu mánuði í fyrra, nema einum.

Öfugrar þróunar gætir hjá WOW air. Farþegum hefur fjölgað á milli ára í hverjum mánuði frá áramótum og sömu sögu má segja af sætanýtingunni sem hefur batnað undantekningalaust.



**2,3 milljónir hafa flogið með Icelandair á árinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Í áætlunum okkar var ekki gert ráð fyrir verulegum vexti í fjölda farþega,“ segir Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group. „Í júlí erum við að sjá sömu þróun og var á öðrum ársfjórðungi. Sala á áfangastaði okkar í N-Ameríku hefur ekki fylgt framboðsaukningunni eftir á meðan sala til Evrópu hefur verið mjög góð.“

Bogi segir að skýra megi lakari sætanýtingu með sama hætti. Hann bendir á að til samanburðar hafi sætanýting á leiðum Icelandair í Evrópu verið 90,7 prósent og aukist um 2,9 prósentustig á sama tíma og sætanýting á leiðunum í Norður-Ameríku hafi verið 81,9 prósent og lækkað um 8,9 prósentustig.

### Offramboðið ósjálfbært

Icelandair hefur að undanförnu aukið framboð sitt töluvert. Þannig hefur framboð sætiskílómetra aukist um að meðaltali um fimm prósent miðað við sama tímabil í fyrra. Bogi segir að félagið sé að meta hvernig haga eigi framboðinu á næstu mánuðum.

„Framboð á sætiskílómetrum er til stöðugrar skoðunar hjá félaginu. Við metum framboð og eftirspurn og tökum ákvarðanir um áætlun byggt á því mati. Við erum núna að skoða haustið og veturinn með tilliti til þessa.“

Spurður um horfurnar út árið svarar Bogi því að aðstæður séu krefjandi. „Við gerum ráð fyrir því að samkeppnin verði áfram hörð en offramboð á tilteknum mörkuðum getur aldrei gengið til lengdar. Sama gildir um verðþróun; hækkun olíuverðs og annarra kostnaðarliða kemur alltaf á endanum fram.“

Þegar lokað var fyrir viðskipti í Kauphöllinni í gær hafði verð hlutabréfa í Icelandair lækkað um 3,4 prósent. **tfh@frettabladid.is**

### Farþegar Icelandair




### Farþegar WOW air




### Sætanýting Icelandair

| 2017 | 2018 | |
|---|---|---|
| 73,6% | 72,3% | ▼ |
| 75,9% | 74,3% | ▼ |
| 80,7% | 81,9% | ▲ |
| 82,6% | 77,2% | ▼ |
| 81,2% | 77,7% | ▼ |
| 85,7% | 84,4% | ▼ |
| 89,2% | 85,3% | ▼ |

### Sætanýting WOW air

| 2017 | 2018 | |
|---|---|---|
| 85% | 88% | ▲ |
| 86% | 88% | ▲ |
| 92% | 93% | ▲ |
| 88% | 91% | ▲ |
| 86% | 90% | ▲ |
| 86% | 93% | ▲ |
| 90% | 92% | ▲ |

DACIA

Nýr Dacia Sandero




ENNEMM / SÍA / NM88081

Stór bíll, lágt verð!
1.990.000 kr.
www.dacia.is

Dacia bílar hafa fyrir löngu sannað ágæti sitt með framúrskarandi endingu og hagstæðu verði.
Nýr Dacia Sandero er rúmgóður millistærðarbíll á verði smábíls. Verið velkomin í reynsluakstur!

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# ÓTRÚLEG TILBOÐ



**LAYLA PLUSH** (160x200cm)

**30% AFSLÁTTUR**

**Aðeins 130.415 kr.**

**Fullt verð 186.306 kr.**

Dýna, botn og fætur fylgja

**LAYLA PLUSH** (180x200cm)

**30% AFSLÁTTUR**

**Aðeins 157.509 kr.**

**Fullt verð 225.013 kr.**

Dýna, botn og fætur fylgja

**Layla** er millistíf heilsudýna með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi

**LAYLA PLUSH 30% AFSLÁTTUR**

**DÚNSÆNGURTILBOÐ!**

Yndisleg **700 gr.** dúnsæng, frá Scandun, sem heldur á manni hita á köldum sumar sem vetrarnóttum.

**TILBOÐSVERÐ 23.688 kr. stk.**

(Stærð 140x400 cm)

**FULLT VERÐ 33.840 kr. stk.**

## Headdermock

**Headdemock** hengirúmið frá **Fatboy** er tilvalið í á pallinn, garðinn, sumarhúsið og hægt að pakka því saman og taka það með í hjólhýsið, tjaldvagninn eða ferðabílinn fáanlegt í **16** litum.

**VERÐ | 47.886 kr.**





## Orginal

**Fatboy Orginal** sekkurinn aðlagar sig að þér fyrir hámarks þægindi, þekktur fyrir góða endingu og skemmtilega hönnun. Til bæði úr nælon efni og steinþvegnum bómull og í um **30** litum.

**VERÐ | 23.650 kr.**

Kynntu þér **Fatboy**-vörurnar á **www.sekkur.is.**

fatboy®

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

rekkjan HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

# Fallið



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það telst svo sem ekki til stórtíðinda að nýleg Gallup könnun sýni að ríkisstjórn Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks njóti minna en helmings fylgis meðal þjóðarinnar. Hún er þar með fjórða ríkisstjórnin í röð sem hefur minnihluta þjóðarinnar á bak við sig innan við ári eftir að hún komst til valda. Það lá að.

Núverandi ríkisstjórn naut ágæts stuðnings í upphafi en þegar ljóst var að hún ætlaði sér ekkert sérstakt, annað en að halda völdum, þá fór vitanlega að síga á ógæfuhliðina. Aðgerðaleysi einkennir þessa ríkisstjórn. Hún dútlar við eitt og annað og einhver mál eru í athugun, og verða það eflaust lengi. Stjórnin samanstendur af hægriflokki, miðjuflokki og vinstriflokki sem vilja halda friðinn og til að svo verði er heppilegast að aðhafast sem minnst. Ekki er samt hægt að ætlast til að þjóðin sýni tíðindaleysinu ríkan skilning.

Kjósendur eru langþreyttir á stjórnmálamönnum sem lofa öllu fögru fyrir kosningar en missa áhugann á kosningaloforðum eftir að vera komnir í ríkisstjórn. Þá er af einhverjum ástæðum illmögulegt að rétta hlut þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu og áfram á að gera ungu fólki erfitt fyrir að kaupa sér íbúð meðan okrarar eigna sér leigumarkaðinn. Á sama tíma þarf vitanlega að virkja náttúruperlur af því stærsti flokkurinn í ríkistjórninni er áhugasamur um það. Sömuleiðis er talið brýnt að halda verndarhendi yfir hinni kvartsáru stórútgerð og hlutum komið þannig fyrir að hún greiði ekki of mikið til samfélagsins. Allt er þetta mjög skrýtið og ekki til þess fallið að njóta meirihlutafylgis meðal þjóðarinnar.

Ríkisstjórnir koma og falla ansi ört. Eftir alþingiskosningar ríkir samt hverju sinni viss bjartsýni meðal þjóðarinnar því ný ríkisstjórn hefur feril sinn yfirleitt með góðan hluta þjóðarinnar á bak við sig. Á undraverðan hátt tekst henni síðan að glutra niður stuðningi og hrökklast loks frá völdum með skömm. Freistandi er að velta fyrir sér hvort þetta verði einmitt örlög hinnar aðgerðalitlu ríkisstjórnar Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Í ríkisstjórnarsamstarfi eins og þessu er sá flokkur sem talað hefur í upphrópunum í verstu stöðunni. Á vefsíðu Vinstri grænna má finna ýmis fyrirheit, þar á meðal: Bætum kjörin! Burt með fátækt! Völdin til fólksins! Velferðarsamfélag fyrir alla! Þessi slagorð eru hláleg í ljósi þess að ríkisstjórnin virðist ekki hafa nokkurn áhuga á að skapa velferðarsamfélag fyrir alla. Síst hefur hún svo áhuga á að færa völdin til fólksins.

Vinstri græn eiga tvo kosti í þessu ríkisstjórnarsamstarfi. Þann að halda áfram að hokra í horninu hjá íhaldinu og veslast þar smám saman upp eða að taka á sig rögg og leitast við að koma stefnumálum sínum í framkvæmd. Haldi Vinstri græn áfram að gera nánast ekki neitt í ríkisstjórnarsamstarfinu er hætt við því að óánægja meðal stórs hóps flokksmanna fari stigvaxandi og þeir snúist loks gegn forystunni og krefjist þess að stjórnarsamstarfinu verði slitið. Satt að segja er allt eins líklegt að sú verði einmitt raunin.

**Í ríkisstjórnarsamstarfi eins og þessu er sá flokkur sem talað hefur í upphrópunum í verstu stöðunni.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Flokksskírteini**

**Því hefur lítið verið sinnt að taka til í hluthafaskrá fasteignafélagsins Skúlagarðs hf. en það á og rekur húsnæði Framsóknarflokksins. Stór hluti skráðra hluthafa er farinn yfir móðuna miklu og eru dæmi um að það hafi gerst snemma á síðasta áratug síðustu aldar. Hér á landi hefur því stundum verið fleygt fram að aðild að flokki nái út yfir gröf og dauða en tilfelli Skúlagarðs hlýtur að vera með fyrstu skjalfestu dæmunum um slíkt.**

**Flokksflóttinn**

**„Ég fæddist í Framsókn og ég mun deyja í Framsókn,“ sagði þingflokksformaður Miðflokksins, Gunnar Bragi Sveinsson, tíu dögum áður en hann skipti um lið síðasta haust. Séu eldri hluthafalistar skoðaðir má sjá fleiri sem sennilega eru sekir um slík félagsskipti. Í þeirra hópi er faðir formanns Miðflokksins, Gunnlaugur M. Sigmundsson. Nú er spurning hvort einhverjir fyrrverandi Framsóknarmenn séu enn hluthafar í Skúlagarði. Sé svo gæti orðið spennandi að sjá hvort þeir láti sjá sig með læti á aðalfundi félagsins og mögulega geri heiðarlega, en vonlausa tilraun, til að láta selja ofan af flokknum.**

**joli@frettabladid.is**

# Mikilvægi gleðigöngunnar



Hanna Katrín Friðriksson
formaður þingflokks Viðreisnar

Í skrifum sínum um opið samfélag manna um miðja síðustu öld setti austurríski heimspekingurinn Karl Popper fram þversögnina um umburðarlyndishugtakið. Þversögnin felur í sér að til þess að viðhalda umburðarlyndu samfélagi, verði samfélagið að sýna umburðarleysi fullkomið umburðarleysi.

Á Vesturlöndum búum við í hinu opna samfélagi sem Popper skrifaði um. Samfélagi sem fagnar fjölbreytni og byggir á gildum lýðræðis, frelsis, mannréttinda, jafnréttis og umburðarlyndis. Hinsegin dagar eru haldnir hátíðlegir þessa vikuna þar sem fjölbreytileika mannlífsins er fagnað með margvíslegum hætti. Það er ekki bara hinsegin fólk sem fagnar, meginþorri þjóðarinnar tekur undir, enda fátt sem betur staðfestir stöðu okkar sem opið, frjálslynt, vel upplýst, umburðarlynt samfélag en akkúrat gleðigangan og önnur hátíðarhöld sem fylgja hinsegin dögum.

En það eru blikur á lofti. Ef við lítum út fyrir landsteinana eru mörg dæmi um uggvænlega þróun þar sem öfgaöfl af ýmsu tagi hafa náð eða eru nálægt því að ná fótfestu. Við vitum hvað því fylgir; hertar aðgerðir gegn frelsi og velferð kvenna, þrengt að réttindum hinsegin fólks, ráðist gegn dómurum, kennurum, fjölmiðlafólki og öðrum sem ekki eru nægilega leiðitamir, fyrir utan útlendingaandúðina.

Fyrir aðeins nokkrum vikum var hér staddur heiðursgestur frá danska þinginu í tilefni 100 ára fullveldisafmælis Íslands. Pia Kjærsgaard, forseti danska þingsins, er stjórnmálamaður sem berst fyrir öðrum gildum en þeim sem tengjast opnum, umburðarlyndum samfélögum. Réttindi hinsegin fólks eru henni til dæmis ekki ofarlega í huga: kirkjuleg vígsla samkynhneigðra vegur að hjónaböndum gagnkynhneigðra og með barneignum samkynhneigðra er of langt gengið. Þið þekkið orðræðuna. Það hefði sannarlega verið við hæfi að fulltrúi annarra gilda, þeirra sem liggja nær íslensku samfélagi, hefði heiðrað okkur með nærveru sinni á þessum merkisdegi.

Ég trúi því að frelsið og jafnréttið séu sterkustu öflin. Að baráttan fyrir áframhaldandi opnum, frjálslyndum samfélögum verði ofan á. En það gerist ekki fyrirhafnarlaust og ekki með því gefa umburðarleysinu lausan tauminn. Við þurfum öll að vera á vaktinni og þar er mikilvægi gleðigöngunnar á laugardaginn ótvírætt.

**Ef við lítum út fyrir landsteinana eru mörg dæmi um uggvænlega þróun þar sem öfgaöfl af ýmsu tagi hafa náð eða eru nálægt því að ná fótfestu.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Tertan og mylsnan

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Langflest látum við okkur varða um annað fólk fjær og nær, afkomu þess og líðan. Samúð með öðrum er okkur flestum í blóð borin hvort heldur í sorg eða gleði. Þess vegna látum við t.d. fé af hendi rakna til annarra sem minna mega sín, stundum langt frá heimahögum. Samfélag manna kallar á gagnkvæman áhuga, gagnkvæmt tillit. Sjálfselska – sérúð! – er að sönnu snar þáttur í lífi manna, en það er samúðin einnig. Siðvit og samvizka styðjast við hvort tveggja, umhyggju fyrir öðrum og ekki bara fyrir sjálfum sér og sínum. Þetta eru gömul sannindi sem siðfræðingurinn Adam Smith, faðir hagfræðinnar, fjallaði um í merkri bók 17 árum áður en hann sendi frá sér Auðlegð þjóðanna sem hann er frægastur fyrir enn í dag. Kenningin um siðferðiskenndir, fyrri bókin, kom út 1759 og vakti þá þegar mikla athygli. Siðfræði var undanfari hagfræðinnar.

**Gagnkvæmt tillit**

Samúð vitnar um gagnkvæmt tillit. Sá sem hefur reynzt skeytingarlaus um velferð annarra vekur sjaldan samúð. Gagnkvæmt tillit kallar að sínu leyti á háttsemi, röð og reglu í samskiptum og afstæðum hlutföllum. Þetta hjálpar okkur að skilja hvers vegna flestu fólki mislíkar eða jafnvel blöskrar mikill munur á lífskjörum, þ.e. gróf misskipting. Spurðu næstum hvern sem er þessarar spurningar: Ef þú ættir kost á að búa í tveim löndum sem eru alveg eins að öllu leyti öðru en því að í öðru landinu er lífsgæðum tiltölulega jafnt skipt meðal almennings og í hinu landinu situr fámennur forréttindahópur að flestum gæðum, hvort landið kysirðu frekar? Sannaðu til: Langflestir kjósa heldur fyrra landið.

Þessa niðurstöðu hafa hagfræðingar sannreynt með ýmsum tilraunum, t.d. með því að spyrja hvern og einn í hópi manna hvort hann kysi heldur mætti hann velja:

- Kauphækkun um 5% handa sjálfum sér og einnig handa öllum öðrum eða
- Kauphækkun um 7% handa sjálfum sér og 12% handa öllum öðrum.

Flestir kjósa heldur fyrri kostinn þótt síðari kosturinn gæfi meira í aðra hönd. Hvers vegna? Menn hirða ekki aðeins um eigin tekjur í krónum talið heldur einnig miðað við aðra. Launþegar streitast jafnan gegn því að dragast aftur úr öðrum að tilefnislausu. Tekjuhlutföll skipta máli, einkum þegar misskipting þykir hafa keyrt um þverbak.



**Misskipting hefur afleiðingar**

Ójöfnuður á Íslandi keyrði um þverbak fram að hruni og minnkaði síðan aftur í hruninu en er samt mun meiri nú en áður var eins og Stefán Ólafsson prófessor og Arnaldur Sölvi Kristjánsson lýsa í bók sinni Ójöfnuður á Íslandi (2017). Þar kemur t.d. fram (bls. 245) að munurinn á ráðstöfunartekjum ríkasta tíunda hluta heimilanna og fátækasta tíunda hlutans var tæplega sexfaldur 1993-1995, 16-faldur 2007 og nífaldur 2015. Bilið milli topps og botns er mun breiðara ef við miðum við ríkasta og fátækasta hundraðshlutann, þ.e. 1% frekar en 10%. Þannig jók ríkasti tíundi hluti íslenzkra heimila hlutdeild sína í heildartekjum úr 19% 1995 í 40% 2007 á meðan ríkasti hundraðshlutinn jók hlutdeild sína í heildartekjum úr 3% 1995 í 21% 2007.

Sem sagt: Ríkasti hundraðshlutinn sjöfaldaði hlutdeild sína í heildartekjum á sama tíma og ríkasti tíundi hlutinn tvöfaldaði sína hlutdeild. Þetta voru meiri umskipti í ójafnaðarátt á þennan kvarða en jafnvel í Bandaríkjunum.

Meðallaun forstjóra fyrirtækja sem eru skráð í Kauphöllinni námu tæpum 5 mkr. á mánuði að meðaltali 2017 eða 17-földum lágmarkslaunum. Þetta er meiri launamunur en áður tíðkaðist. Forstjórarnir taka sér þessir laun sjálfir í reynd enda sitja þeir margir í stjórnum fyrirtækjanna hver hjá öðrum. Þeim fer ekki vel að segja nú að lítið sem ekkert svigrúm sé til kauphækkunar handa almennum launþegum. Sama á við um ríkið, helzta vinnuveitandann. Ríkisstjórnin notaði Kjararáð til að tryggja embættismönnum, ráðherrum og þingmönnum ríflega kauphækkun sem þau kalla „leiðréttingu“ – 45% handa þingmönnum! Fjármálaráðherra, forsætisráðherra og öðrum fer því ekki vel að tala nú um „lítið sem ekkert svigrúm“ til launahækkunar. Það er of seint.

Launþegar krefjast ríflegrar kjarabótar í næstu samningalotu. Það er skiljanlegt. Þeim misbýður mörgum hugsunarlaus sjálftaka forstjóranna og nómenklatúrunnar. Launþegar líta margir svo á að treysti vinnuveitendur sér ekki til að greiða þeim viðunandi laun eigi forstjórarnir að fá sér önnur ábyrgðarminni verk að vinna. En þá fer verðbólgan aftur á skrið, segja vinnuveitendur og ríkisstjórn einum rómi. Í ykkar boði, segja launþegar. Verði ykkur að góðu. Þið hrifsuðuð til ykkar tertuna. Við sættum okkur ekki við mylsnuna.

> **Menn hirða ekki aðeins um eigin tekjur í krónum talið heldur einnig miðað við aðra. Launþegar streitast jafnan gegn því að dragast aftur úr öðrum að tilefnislausu. Tekjuhlutföll skipta máli, einkum þegar misskipting þykir hafa keyrt um þverbak.**


# NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

## SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6




**RANGE ROVER Evoque SE**
Nýskr. 4/2017, ekinn 13 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.890.000 kr.**
Rnr.450014.




**JAGUAR E-Pace D180**
Nýskr. 1/2018, ekinn 5 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.690.000 kr.**
Rnr.450010.




**RANGE ROVER Evoque Autobiography**
Nýskr. 1/2017, ekinn 21 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 8.690.000 kr.**
Rnr.450002.



**RANGE ROVER Sport SDV6 HSE Dynamic**
Nýskr. 4/2014, ekinn 72 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 8.990.000 kr.**
Rnr.450011.



**LAND ROVER Discovery 4 SE**
Nýskr. 9/2015, ekinn 64 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.980.000 kr.**
Rnr.450009.



**RANGE ROVER Evoque HSE Dynamic**
Nýskr. 5/2017, ekinn 17 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.990.000 kr.**
Rnr.103614.



**RANGE ROVER Evoque HSE Dynamic**
Nýskr. 1/2015, ekinn 55 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 5.790.000 kr.**
Rnr.450013.



**LAND ROVER Discovery Sport S**
Nýskr. 7/2016, ekinn 32 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 5.790.000 kr.**
Rnr.450015.

**APPROVED**
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari - Komdu í reynsluakstur strax í dag.

**JAGUAR - LAND ROVER**
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

ENNEMM / SÍA / NM89296

# Ég á mér draum



Eva H. Baldursdóttir
lögfræðingur

Ein frægasta ræða stjórnmálasögunnar er kennd við orðin; ég á mér draum. Orð þessi mælti Martin L. King, brautryðjandi friðsamlegrar mannréttindabaráttu. Draumur hans var að samfélagið tæki mið af þeirri staðreynd að allir menn væru skapaðir jafnir. Barátta hans í þeim efnum hefur fært okkur nær jafnrétti, ekki aðeins á grundvelli kynþáttar heldur í víðara samhengi.

Alla daga erum við að stöðva eigin drauma – hinn sanna sköpunarkraft samfélagsins – með neikvæðni á borð við að eitthvað sé ekki hægt eða hafi áður verið reynt án árangurs. En við eigum að leyfa okkur að dreyma og beita ímyndunaraflinu en ekki takmarka það. Allt sem er til var í upphafi aðeins hugsjón eða draumur einhvers, sem svo framkvæmdi draum sinn. Það er ekkert sem ekki er hægt. Við sköpum heiminn á hverri stundu. Frumleiki eða andleysi, hvort sem við veljum, þá mótum við umhverfi okkar og örlög og það eina sem stoppar okkur í að sjá hversu máttug við erum eru okkar eigin takmörkuðu viðhorf.

Ég geri orð Martins L. King að mínum: Ég á mér draum. Ég á mér draum um að Ísland verði umhverfisvænasta land í heimi. Náttúran kallar. Hún er alltaf að senda okkur skilaboð. En við virðumst ekki heyra nógu vel né skynja þó það hafi batnað. Við búum saman á þessari jörð. Og á smærri skala. Við búum saman á þessu landi með eina mögnuðustu náttúru heims. Náttúran gefur og gefur í formi auðlinda sem standa undir okkar efnahagslegu velsæld. Hér heima og að heiman. Við vitum hins vegar að við mennirnir, erum að ganga á jörðina að því marki að við ógnum tilvist, ekki bara okkar, heldur annarra dýra og vistkerfisins í heild sinni. Með öðrum orðum – við erum að taka miklu meira en við gefum og enn fremur – miklu meira en við þurfum. Rannsóknir birtast á hverjum degi sem vitna um þetta.

Alþjóðasamfélagið er svo sem að gera eitthvað – en allt í viðbragði. Alþjóðasamningar eru gerðir á diplómatískum vettvangi. Parísarsáttmálinn – einhver framför í loftslagsmálum en þó óbindandi. Hægfara þróun við að banna einnota plast víða um heim, orkuskipti í samgöngum, fleiri að verða grænmetisætur o.s.frv. En þetta er allt, allt of hægt. Neysla og sóun er of mikil. Við erum mögulega ekki eins meðvitundarlaus og fyrir 10 árum en það er ljóst að við erum enn jafn ofurseld neyslu. Ég vil ekki dæma stöðuna heldur spyrja gagnrýnna spurninga á borð við: Hvaðan kemur allt þetta drasl sem við erum að kaupa? Hvernig er það framleitt? Þurfum við öll að eiga grill og trampólín í garðinum? Þurfti ég að eiga fjórfaldan fataskáp? Nei. Þurfum við öll að eiga bíla, jafnvel tvo? Hvernig ætlum við að skilja við veru okkar á þessari jörð? Á þessu landi sem við eigum hreint ekki, heldur fáum lánuð afnot af og erum svo lánsöm að fæðast á. Er okkur kannski alveg sama? Eða er það of mikið vesen að breyta lifnaðarháttum? Hvernig sýnum við þakklæti?



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**Fyrst og fremst. Látum okkur dreyma stóra drauma fyrir umhverfið. Elskum jörðina. Ég býð upp á drauminn um umhverfisvænasta land í heimi. Þar sem rauði þráður hagkerfisins er grænn.**

Fyrst og fremst. Látum okkur dreyma stóra drauma fyrir umhverfið. Elskum jörðina. Ég býð upp á drauminn um umhverfisvænasta land í heimi. Þar sem rauði þráður hagkerfisins er grænn. Við erum fá, einangruð og eigum efnahagslega allt undir auðlindum okkar. Því er það í senn bæði auðvelt fyrir okkur í framkvæmd og rökrétt í efnahagslegu tilliti að vera græn. Byrjum á að fylgja þó því sem hefur verið gert á alþjóðavettvangi, á vettvangi Evrópusambandsins og göngum svo miklu lengra. Gerum það í sameiningu – einstaklingar, atvinnulífið og ríkið. Hugsum 100% orkuskipti í samgöngum og bönnum jarðefnaeldsneyti. Algjört bann á einnota plast. Græna skatta. Ívilnanir fyrir græna innlenda og sjálfbæra framleiðslu. Kolefnishlutlausa ferðaþjónustu. Fleiri gróðurhús – minni innflutningur. Endurvinna allt. Endurheimta votlendi algjörlega. Planta fleiri trjám – planta á sterum – og allt það sem mér dettur ekki í hug enda enginn sérfræðingur annar en að hafa ástríðu fyrir jörðinni og áframhaldandi tilveru mannkyns. Allar þær aðgerðir sem er búið að sýna fram á að virki, framkvæmum þær. Styðjum við alla nýsköpun í atvinnulífinu í átt að grænna hagkerfi og þróum hátæknistörf í þá veru. Látum ást okkar á umhverfinu móta flottustu atvinnustefnu veraldar.

Ef það er eitthvað sem við getum lært af HM ævintýrinu er að sem þjóð kunnum við að hugsa og eiga stóra drauma. Því hvernig kemst ein minnsta þjóð í heimi á HM? Með því að láta neikvæðni ekki stoppa sig. Með því að eiga draum. Á vettvangi stjórnmálanna eigum við að tefla fram hugsjónum okkar, enda er staðreyndin sú að með áframhaldandi hlýnun jarðar verður enda fátt að gera annað en að bregðast við náttúrunni. Ég kalla eftir draumnum þar sem Ísland er fyrirmynd, fremst meðal þjóða í umhverfismálum. Við kunnum það. Græna liðið sem keppir í riðlinum umhverfisvænasta land heims – leidd af okkur saman, fyrir sameiginlegri ást á náttúrunni.



# PIER

## Uppáhalds vörur á frábæru tilboði!

LHUIS stóll, svartur



~~19.990,-~~
12.990,-

LHUIS stóll, svartur



~~34.990,-~~
19.990,-

REGINA sófi



~~99.000,-~~
69.900,-

NID körfustóll



~~49.900,-~~
34.900,-

HAVANNA stækkanlegt borð



~~59.900,-~~
44.900,-

FENETRE spegill



~~14.990,-~~
7.990,-

BIZERTE hliðarborð, sett



~~19.990,-~~
14.990,-

ALIYA loðpúði



~~2.490,-~~
1.990,-

RUIT keramik vasi



80 cm á hæð
~~29.900,-~~
19.990,-

99 cm á hæð
~~49.900,-~~
34.990,-

ARTISTIQUE olíumálverk



~~13.990,-~~
9.990,-

ADELE karfa



~~6.990,-~~
4.990,-

HOTOKE búdda stytta



~~3.990,-~~
2.490,-

BETRI KAUP!
CHROMA híbýlailmur og sprey

3.000,-



Skoðið úrvalið á
**www.pier.is**

**SMÁRATORG - KORPUTORG - AKUREYRI - SELFOSS**

Gildir 9.ágúst – 15.ágúst. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Kannski mín stærsta áskorun

**Erik Hamrén segir það stórt verkefni að halda íslenska landsliðinu í fremstu röð. Hann vonast til að geta bætt íslenska liðið. Hamrén ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur í fyrstu leikjunum í nýja starfinu.**

**FÓTBOLTI** Erik Hamrén er nýr þjálfari íslenska karlalandsliðsins í fótbolta. Hann var kynntur til leiks á blaðamannafundi í höfuðstöðvum KSÍ í gær. Svíinn gerði tveggja ára samning við Knattspyrnusambandið með möguleika á tveggja ára framlengingu.

„Þetta voru snarpar samningaviðræður og við vorum með 5-6 aðila í huga í upphafi ráðningarferlisins. Fljótlega urðum við ásáttir um það að Erik Hamrén væri fyrsti kostur okkar í starfið," sagði Guðni Bergsson, formaður KSÍ, á blaðamannafundinum í gær.

En hvað var það sem heillaði Hamrén við starf landsliðsþjálfara Íslands?

„Þetta lið hefur verið gott í 5-6 ár og náð frábærum úrslitum. Þetta er áhugaverð áskorun. Getum við haldið áfram að ná góðum úrslitum og þróað liðið áfram?" sagði Hamrén í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann segir að áskorunin að halda Íslandi í fremstu röð sé stór og mikil.

„Ég hef verið þjálfari á hæsta getustigi síðan 1994 og ég hef þurft að glíma við margar áskoranir. En þetta er kannski mesta áskorunin mín út af væntingunum til liðsins. Þetta er mikil áskorun og ég nýt þess að takast á við hana. Ég hlakka til að byrja," sagði hinn 61 árs gamli Hamrén.

Hann segir að nýjum þjálfara fylgi alltaf breytingar. Hann muni þó fara varlega í að umbylta öllu og hugsi fyrst og fremst um að bæta leik íslenska liðsins.

„Sem þjálfari viltu alltaf bæta allt, bæði það góða og slæma," sagði Hamrén. „Ég vil ræða við leikmennina áður en ég fer út í smáatriði. Það er mikilvægt að segja þeim hvaða hugmyndir ég hef áður en ég segi fjölmiðlum það."

Í fyrstu fimm leikjum Hamréns sem landsliðsþjálfari mætir Ísland heimsmeisturum Frakklands, bronsliðinu frá HM, Belgíu, og svo sterku liði Sviss. Byrjunin gæti því vart verið erfiðari.

„Það verður mikil áskorun. Þegar Lars [Lagerbäck] tók við fékk hann nokkra vináttulandsleiki. Þar getur þú prófað ýmsa hluti og þarft ekki að hafa miklar áhyggjur af úrslitunum. En núna förum við strax í stóra leiki. Við lítum jákvæðum augum á það og reynum að ná góðum úrslitum þótt við séum ekki að spila við neina aukvisa," sagði Hamrén.

Hann ætlar að reyna að fá Ragnar Sigurðsson til að endurskoða ákvörðun sína um að leggja landsliðsskóna á hilluna. „Ég mun kanna hver hugur hans er varðandi framtíðina með landsliðinu. Ragnar hefur verið lykilleikmaður hjá liðinu á síðustu árum og vonast til þess að svo verði áfram."

Þegar Hamrén þjálfaði sænska landsliðið á árunum 2009-16 náði hann því besta út úr ofurstjörnunni Zlatan Ibrahimovic. Hann segir það ekki erfitt að þjálfa stóra persónuleika eins og Zlatan.

„Því betri sem leikmaðurinn er því auðveldara er að þjálfa hann. Þegar ég vann með Zlatan var ég oft spurður hvort það væri ekki erfitt að vinna með svona stórstjörnu. Ég svaraði alltaf neitandi. Samkvæmt minni reynslu er það ekki erfitt. Stóru leikmennirnir vita hvað til þarf. Vandamálið er að vinna með leikmönnum sem halda að þeir séu stjörnur en eru það ekki," sagði Hamrén.

Hann hætti með sænska landsliðið eftir EM 2016 og hefur ekki þjálfað síðan. Undanfarna mánuði hefur hann starfað fyrir Mamelodi Sundowns í Suður-Afríku.

„Ég þurfti frí eftir sjö ár með sænska liðinu. Það voru nokkrir möguleikar í stöðunni eftir EM en ég þurfti hvíld. En svo kom löngunin á ný. Ég fékk tækifæri til að starfa á Norðurlöndunum en mig langaði til að gera eitthvað nýtt. Þess vegna fór ég að starfa í Suður-Afríku. Ég var þar í sjö mánuði. Það var öðruvísi reynsla og ég lærði mikið. Ég naut þess en ég vildi þjálfa aðeins lengur. Þegar þessi möguleiki kom upp fannst mér þetta vera rétta starfið fyrir mig," sagði Hamrén að lokum.

ingvithor@frettabladid.is



Nýi landsliðsþjálfarinn, Erik Hamrén, á blaðamannafundinum í Laugardalnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

### Næstu landsleikir

**8. sept.** Sviss - Ísland, Þjóðadeildin
**11. sept.** Ísland - Belgía, Þjóðadeildin
**11. okt.** Frakkland - Ísland, vináttulandsleikur
**15. okt.** Ísland - Sviss, Þjóðadeildin
**15. nóv.** Belgía - Ísland, Þjóðadeildin

# Heillaðist strax af hugmyndum Hamréns

**FÓTBOLTI** Freyr Alexandersson mun verða Erik Hamrén til aðstoðar með íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu. KSÍ tilkynnti þetta í gær þegar Hamrén var kynntur sem næsti þjálfari landsliðsins. Freyr hefur starfað sem njósnari fyrir karlalandsliðið undanfarin ár en verður hægri hönd Hamréns ásamt því að stýra kvennalandsliðinu sem aðalþjálfari.

„Það eru algjör forréttindi að sambandið skuli hafa það mikla trú á mér að ég geti unnið þessi tvö störf á sama tíma. Þegar Heimir hætti var ég spurður hvort ég vildi halda áfram störfum. Svo hafði Guðni samband og spurði hvort ég hefði áhuga á að gerast aðstoðarþjálfari," sagði Freyr og hélt áfram:

„Það eina sem skipti máli var að einstaklingurinn sem tæki við liðinu væri sá rétti, ég gat ekki tekið þessa ákvörðun án þess að hitta manninn. Ég hitti hann og heillaðist strax frá upphafi þannig að við förum að skoða nýtt hlutverk fyrir mig."



Freyr Alexandersson vonast til að samstarf þeirra Eriks Hamrén með íslenska karlalandsliðið í fótbolta verði farsælt. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

Hann segist ekki ætla að leyfa þessu að trufla störf sín sem þjálfari kvennalandsliðsins. Fram undan eru gríðarlega mikilvægir leikir í undankeppni HM gegn Þýskalandi og Tékklandi.

„Það verður ekki erfitt að blanda þessu saman, þetta er mikil vinna og mikið álag en ég þekki það vel. Ég er búinn að vinna við undirbúning fyrir þessa leiki í þrjá mánuði og á í raun bara eftir að velja hópinn."

> Það eina sem skipti máli var að einstaklingurinn sem tæki við liðinu væri sá rétti.
>
> Freyr Alexandersson

Hann segist hafa fundið fyrir stuðningi frá kvennalandsliðinu.

„Ég tilkynnti stelpunum þetta og fékk ekkert nema frábær viðbrögð. Manni þykir hrikalega vænt um þetta lið og skilaboðin og samtölin sem ég átti voru frábær og ég er ótrúlega þakklátur," sagði Freyr.

Á laugardaginn eru aðeins fjórar vikur í næsta leik karlalandsliðsins.

„Við munum velja hópinn tíu dögum fyrir leikinn gegn Sviss og ég er búinn að vera að vinna í því að koma Erik betur inn í þetta. Hann hefur verið að skoða leikmennina til að mynda sér skoðun og við höldum því áfram næstu daga." – **kpt**

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**KA - FH 1-1**
1-0 Callum Williams (66.), 1-1 Brandur Olsen (90.).

**Fjölnir - Keflavík 0-0**

**Grindavík - Víkingur R. 2-1**
1-0 Nemanja Latinovic (20.), 2-0 Jose Sito (31.), 2-1 Arnþór Ingi Kristinsson (45.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 31 | KA | 19 |
| Valur | 29 | Víkingur | 18 |
| Stjarnan | 28 | ÍBV | 16 |
| KR | 23 | Fylkir | 15 |
| FH | 23 | Fjölnir | 14 |
| Grindavík | 23 | Keflavík | 4 |

**Inkasso-deild karla**

**Magni - Selfoss 3-1**
1-0 Gunnar Örvar Stefánsson (44.), 2-0 Kristinn Þór Rósbergsson (70.), 2-1 Aron Ýmir Pétursson (72.), 3-1 Gunnar Örvar Stefánsson (87.).

**Víkingur Ó. - Haukar 2-2**
0-1 Elton Barros (29.), 1-1 Kwame Quee (72.), 2-1 Kwame Quee (81.), 2-2 Indriði Áki Þorláksson (86.).

## Aníta komst ekki í úrslit

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Aníta Hinriksdóttir náði ekki að verða ein af þeim átta hlaupurum sem hlaupa til úrslita í 800 m hlaupi á Evrópumeistaramótinu í frjálsum íþróttum sem haldið er í Berlín í Þýskalandi.

Aníta hljóp á tímanum 2:03,43 mínútum í undanúrslitahlaupinu og hafnaði í sjötta sæti sínum riðli í undanúrslitum.

Hún lenti í smávægilegum stimpingum við sænska hlauparann Lovisu Lindh þegar hún var að freista þess að koma sér framar á lokaspretti hlaupsins og hægði það för hennar.

Þeir þrír hlauparar sem eru efstir í sínum riðli fara áfram í úrslitin, auk tveggja bestu tímanna í undanúrslitariðlunum tveimur. Tími Anítu hefði því ekki dugað henni til þess að komast í úrslitin, en hún var eftir hlaupið dæmd úr leik fyrir hrindingu sína í framangreindum stimpingum. – **hó**

## Strákarnir unnu og stelpurnar biðu ósigur

**GOLF** Axel Bóasson og Birgir Leifur Hafþórsson unnu belgíska liðið skipað kylfingunum Lars Buijs og Cristopher Mivis í fyrsta leik sínum í liðakeppni atvinnukylfinga sem er hluti af Meistaramóti Evrópu.

Leika liðin eftir fjórboltareglu (e. fourball) þar sem betra skor hjá liðinu gildir á hverri holu í holukeppni. Fást tvö stig fyrir sigur, eitt fyrir jafntefli og fer efsta liðið í riðlinum áfram í undanúrslit.

Sigur Axels og Birgis var afar sannfærandi en þeir kláruðu leikinn á þrettándu holu með sex holu forskot þegar aðeins fimm holur voru eftir. Mæta þeir Ítalíu í dag sem tapaði gegn Noregi í gær.

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir og Valdís Þóra Jónsdóttir töpuðu fyrsta leik sínum á mótinu gegn Michele Thomson og Meghan Maclaren sem skipa eitt af þremur liðum frá Bretlandi. Þær mæta Finnlandi í dag sem vann Austurríki í fyrstu umferð keppninnar í gær. – **kpt**

# Fólk

FIMMTUDAGUR 9. ÁGÚST 2018

## Tíska



Leikkonan Gillian Anderson heldur upp á fimmtugsafmæli sitt í dag. →4



# Fallega kjóla vantar heimili

Edda Konráðsdóttir hefur verið ákafur kjólasafnari frá unga aldri. Hún fagnar áttatíu og fimm ára afmæli sínu í dag með kjólamarkaði á sunnudag þar sem ýmsar gersemar verða á boðstólum. →2

Edda Konráðsdóttir hefur alltaf verið veik fyrir fallegum kjólum og á markaðinum á sunnudag verða margar gersemar.á boðstólum. MYND/STEFÁN



**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@frettabladid.is



**Framhald af forsíðu ➜**

Ég er með áráttu, ef ég sé flottan kjól verð ég að kaupa hann,“ segir Edda. „Þessir kjólar hafa verið í geymslu hér á landi en nú er kominn tími til að losa sig við þá. Þetta eru ofsalega flottir kjólar og þeir mega ekki fara í rusl.“

Edda rekur kjólaáhugann til bernskunnar.„Ég ólst upp á Ísafirði, yngst af átta systkinum, og systir mín, Lóa Konn, var ofsalega klár að gera kjóla. Hún bjó í Noregi á stríðsárunum og þegar hún kom var ekkert til hérna, engin efni og engir kjólar. Hún var listakona en hafði ekki réttindi til að sauma svo hún flutti með sér klæðskera til Ísafjarðar til að stjórna saumastofu. En hún sneið allt og fékk alls kyns hugmyndir og kjólarnir hennar voru á heimsmælikvarða. Ég vildi að ég ætti eitthvað af kjólunum eftir hana því þeir voru svo fallegir. Lóa rak seinna búð á Skólavörðustíg 31 sem hét Lóubúð og hún var alltaf rosalega flott fram á síðasta dag en hún dó þegar hún var áttatíu og átta ára. Okkur fannst alltaf gaman að vera í fínum kjólum og að klæða okkur fallega og mér finnst vænt um að geta haldið markaðinn núna í gamla húsinu hennar.“

Edda hefur búið í Bandaríkjunum og á Íslandi til skiptis frá 1969. „Maðurinn missti vinnuna á ósanngjarnan hátt svo við fjölskyldan, ég og hann og börnin okkar sex, pökkuðum bara saman og fórum í siglingu um heimshöfin,“ segir Edda. „Við komum svo til Miami árið 1971 og settumst að í Pennsylvaníu í tíu ár þar sem börnin fóru í skóla. Þegar þau voru flogin úr hreiðrinu flutti ég til Flórída í tíu ár og hugsaði svo með mér að það skipti engu hvar ég væri fyrst þau væru komin út um allar trissur svo ég flutti bara heim.“

Edda opnaði búðina Líf í tuskunum og rak hana í sjö ár. „Ég seldi litla íbúð sem ég átti á Ránargötunni og keypti litla búð í miðbænum. Þar seldi ég kjóla fyrir vini mína og svo verslaði ég líka í Ameríku og kom með hingað heim og ég hef bara alltaf verið inni í þessu.“

Alvarlegt slys varð til þess að Edda flutti aftur til Bandaríkjanna og lokaði búðinni tímabundið. „Fimm barnanna minna lentu í bílslysi og ég varð að fara aftur út og hjálpa til. Svo flutti ég aftur heim þegar versti hjallinn var yfirstiginn en þá var ekki meira fyrir mig að sækja hingað svo ég bý áfram í Bandaríkjunum en kem hingað öðru hvoru.“

Þegar verslunin hætti losaði Edda sig við mest af kjólunum sem þar voru en ekki allt. „Ég seldi ég marga kjólana til Sagafilm af því ég þekkti manninn sem átti fyrirtækið, en sumum hélt ég. Og gegnum árin, þó ég sé löngu hætt að selja kjóla, þá stenst ég ekki fallegan kjól. Ef ég sé einhverja lekkera kjóla þá kaupi ég þá. Ég er litaglöð en kjólar fyrir mér eru klassískir fallegir, og vel sniðnir og saumaðir. Mér finnst fallegustu kjólarnir vera frá sjötta áratugnum en svo eru margir kjólar frá öðrum tímum fallegir líka.“

Flestir kjólarnir eru notaðir og þeir koma víða að. „Ég man ekkert hvar ég fékk alla þessa kjóla en voða marga hef ég keypt í búðum með notuð föt og á mörkuðum. Tengdamamma sonar míns hefur verið að finna kjóla fyrir mig í Maryland þar sem býr mikið af ríku fólki og svo var þar líka góðgerðaverslun með notuð föt og þar var fallegum kjólum safnað saman fyrir mig og ég fékk svo að bjóða í þá áður en þeir voru settir fram í búðina.“

Edda segist ekkert vera að eltast við merkjavöru. „Ég er ekkert að eltast við ákveðna hönnuði. Auðvitað slæðast þeir með, en ég er ekkert að spekúlera í nöfnum og er ekki snobbuð fyrir því. Það eina sem skiptir mig máli er hvort kjóllinn er fallegur.“ Edda segist ekki hafa notað neitt sjálf af kjólunum sem verða til sölu á kjólamarkaðinum á sunnudaginn. „Mínir kjólar seldust allir þegar ég var með búðina og þessir passa heldur ekkert allir á mig heldur. En þeir eru allir fallegir og sérstakir og mér finnst mikilvægt að þeir rati til þeirra sem kunna að meta þá.“

Eins og áður sagði fagnar Edda áttatíu og fimm ára afmæli sínu í dag. „Fjölskyldan fagnar með mér í dag en á sunnudaginn verð ég með kjólamarkað og vonast til að sjá kjólaáhugafólk sem er tilbúið til að taka kjólana mína að sér.“

Kjólamarkaður Eddu Konn stendur frá 11 til 18 á sunnudag á Skólavörðustíg 31 en nánari upplýsingar og myndir af broti af úrvalinu má sjá á Facebook undir Kjólamarkaður Eddu Konn á Skólavörðustíg 31.



**Edda segist lítið skeyta um merki eða hönnuði heldur segir hún að fallegur kjóll standi alltaf fyrir sínu.** MYNDIR/STEFÁN



**Þessi fallegi brúðarkjóll verður falur á kjólamarkaðinum á sunnudaginn.**



**Á markaðinum verður ekki bara hægt að finna sparilega galakjóla við öll fínni tækifæri heldur líka ýmsa fallega fylgihluti eins og skó og töskur.**



**Edda segist vera litaglöð og hrifst af fallegum og vel sniðnum kjólum.**

**” Gegnum árin, þó ég sé löngu hætt að selja kjóla, þá stenst ég ekki fallegan kjól. Ef ég sé einhverja lekkera kjóla þá kaupi ég þá.**

**Edda Konráðsdóttir kjólasafnari**




ERUM AÐ TAKA UPP NÝJA HAUSTSENDINGU FRÁ

Ophilia
OPHILIA

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir**, solveig@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir**, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir**, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson**, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir**, brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir**, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson**, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson
**Sölumenn:** **Arnar Magnússon**, arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann**, atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429.

# VERÐHRUN!

## 60-80%

afsláttur af fatnaði og skóm




hjá Hafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Töffari í svörtum samfestingi frá Galvan á frumsýningu The Crown í fyrra.



Stórglæsileg í hvítum kjól frá Jenny Packham á Golden Globe verðlaunahátíðinni í fyrra.



Á BAFTA-hátíðinni í vetur valdi Anderson þennan settlega kjól úr smiðju Victoriu Beckham.



Anderson var glæsileg í kjól frá Solace London á Golden Globe verðlaunahátíðinni í janúar.




# Öflug fyrirmynd

**Leikkonan Gillian Anderson heldur upp á fimmtugsafmæli sitt í dag. Hún hefur stigið meira inn í sviðsljósið nú en áður og þykir taka sig vel út á rauða dreglinum.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Gillian Anderson er fimmtug í dag. Þessari bresk/amerísku leikkonu skaut upp á stjörnuhimininn árið 1993 þegar hún lék lækninn og FBI-fulltrúann Dönu Scully í sjónvarpsþáttunum X-Files. Þættirnir voru geysivinsælir, náðu yfir níu þáttaraðir, tvær bíómyndir voru gefnar út auk þess sem nýverið var gefin út ný sex þátta syrpa um þau Dönu og Fox Mulder.

Anderson er ötull talsmaður góðgerðar- og mannúðarsamtaka auk þess sem hún er yfirlýstur femínisti. Þess má geta að út frá þáttunum urðu til svokölluð Scully-áhrif en fjölmargar ungar konur tóku sér Dönu Scully til fyrirmyndar og sóttust í auknum mæli eftir starfsferli í vísindum, læknisfræði og löggæslu.

Frá því X-Files lauk árið 2002 hefur minna borið á þessari verðlaunaleikkonu en hún hefur síður en svo setið iðjulaus. Hún hefur leikið í kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og á sviði. Hún hefur hlotið ófá verðlaun fyrir frammistöðu sína á leiklistarsviðinu í gegnum tíðina.

Gillian hefur átt góða endurkomu í sviðsljósið undanfarið í sjónvarpsþáttum á borð við The Fall og American Gods og því þurft að sýna sig á rauða dreglinum í fínum fötum.

Anderson þykir hafa fremur settlegan stíl og ekki glittir mikið í uppreisnarunglinginn, sem hún eitt sinn var, sem hlustaði á pönk, rakaði hárið og litaði það í hinum ýmsu litum. Hún fer yfirleitt öruggu leiðina en þykir þó ekki slá feilnótu í vali sínu á klæðnaði hin síðari ár.



Blómakjóllinn frá Erdem þótti gott val þegar Anderson mætti í honum á BAFTA-verðlaunahátíðina í fyrra.



Gillian Anderson bættist í janúar í hóp fjölmargra heimsfrægra skemmtikrafta sem eiga stjörnu á Hollywood Walk of Fame. Við það tækifæri klæddist hún silfurlitum kjól eftir Sophiu Kah og skóm frá Jimmy Choo. NORDICPHOTOS/GETTY

Það borgar sig ávallt að auglýsa í Fréttablaðinu
LÍKA Á SUMRIN!
89%
af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring
*Heimild: Prentmælingar Gallup apr. – júní og júlí – sept. 2017.
FRÉTTABLAÐIÐ










ZIK ZAK
TÍSKUHÚS

# 20-50%

afsláttur af völdum vörum

**Ný og endurbætt**
verslun í Kringlunni!

























Tískuhús Zik Zak | www.zikzakverslun.is | Kringlan 551-1314 | Glerártorg 559-1314



Stærðir 38-52
My Style tískuhús
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

LEIÐSÖGUNÁM
VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU
Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að Leiðsögn erlendra og innlendra ferðamann um Ísland.
- Flest stéttarfélög styrkja nemdur til náms.
- Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu.

Helstu námsgreinar:
- Helstu viðkomustaðir ferpamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samskipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landin, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

Umsögn: Fyrir nokkrum áruð stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og virðingu sem okkur ber að sýna í því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila.
Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.


Guðrún Helga Bjarnadóttir

Ferðamálaskóli Íslands
The Icelandic School of Travel and Tourism
OPIÐ 8-22
Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466


NÝJAR VÖRUR
Peysa
Kr. 5.900
Fleiri litir
Str. S-XXL
Algjört verðhrun á útsöluvörum
Aðeins 5 verð
1000 - 2000 - 3000
4000 - 5000
Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030


Hamagangur baksviðs á sýningu ástralska tískuhússins David Jones í Sidney í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Elsta tískuhús heims sýnir sumarlínuna

Vor- og sumarlína David Jones tískuhússins var kynnt í Sidney í vikunni. David Jones er eitt elsta tískuhús heims og hefur starfað óslitið undir sama nafni frá 1838.


Bjartir litir og kvenleg, bylgjandi snið einkenna vor- og sumarlínu David Jones fyrir 2019. NORDICPHOTOS/GETTY




# ÉG VIL VINNA FYRIR ÞIG!

Hannes
Steindórsson
Löggiltur fasteignasali

699 5008
hannes@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA
www.FASTLIND.is

www.frittverdmat.is

# Snjallar gallabuxur veiða bleik hjörtu

Tommy Hilfiger setti um daginn á markað snjallfatalínuna Tommy Jeans Xplore þar sem hægt er að safna punktum og gögnum en aðeins með því að ganga í fötum úr línunni.



Hluti af Tommy Jeans Xplorer snjallfatalínunni sem verðlaunar hvern þann sem klæðist henni með tónleikamiðum og vildarvinaveislum. MYND/TOMMY HILFIGER

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Mikil umræða hefur verið um persónuvernd undanfarið í kjölfar tækniframfara sem gera síaukið eftirlit mögulegt, jafnvel með þeim hlutum lífs okkar sem áður voru ekki undir eftirliti. Og nú geta fötin okkar slegist í hóp þeirra tækja og nauðsynja sem geta fylgst með og skrásett hegðun okkar.

Tískurisinn Tommy Hilfiger hefur nú bætt nýju vörumerki við Tommy Jeans línu sína, Tommy Jeans Xplore, þar sem áherslan á að vera á tækni og nýjungar. Hver einasta hettupeysa, fylgihlutur eða gallaflík verður búin Awear Solutions Blátannarmerki sem tengir fatnaðinn við iOS-app sem safnar hvatapunktum fyrir þá sem nota flíkina. Notendur verða einhvers konar sendiherrar vörumerkisins og safna punktum fyrir að ganga í fötunum og keppa í daglegum eða vikulegum áskorunum sem meðal annars felast í því að fanga Tommyhjörtu á snjallsímana sína, ekki ósvipað Pokemon Go. Punktunum er svo hægt að skipta út fyrir gjafakort, tónleikamiða, afsláttarkóða og aðgang að sérstökum viðburðum, allt fyrir að ganga í Xplore fatnaði. „Aldrei fyrr í sögunni hefur fataframleiðandi haft tækifæri til að afla sér svo nákvæmra upplýsinga um hvernig viðskiptavinurinn notar vöruna í raun eftir að hún er farin út úr búðinni,“ sagði Liron Slonimsky, yfirmaður og stofnandi Awear Solutions, um þessa inngreyptu tækni.

Í Xplore línunni eru tuttugu og þrjár vörutegundir, allt frá gallajökkum og stuttermabolum að langerma peysum og gallabuxum og eru til bæði í karllægum og kvenlægum stíl og ýmsum litum. Kynlaus varningur telst meðal annars hliðartaska og derhúfa. Verðbilið er frá 4.000 krónum og upp í 20.000 og hægt er að kaupa Xplorelínuna á Tommy.com og í verslun fyrirtækisins í New York.

**» Þá er óvíst hvort viðskiptavinir missa réttinn á persónuupplýsingum sínum til Tommy Jeans með því að klæðast Xplore fatnaðinum og einnig hvort Tommy Jeans má deila upplýsingunum með öðrum Tommy Hilfiger verslunum eða öðrum fataframleiðendum.**

Þessi nýja lína var kynnt á dögunum og sýnist sitt hverjum um ágæti hugmyndarinnar um nettengd föt sem hluta af hvatakerfi. Þá er óvíst hvort viðskiptavinir missa réttinn á persónuupplýsingum sínum til Tommy Jeans með því að klæðast Xplore fatnaðinum og einnig hvort Tommy Jeans má deila upplýsingunum með öðrum Tommy Hilfiger verslunum eða öðrum fataframleiðendum. Í ljósi umræðunnar um Facebook og Cambridge Analytica gæti reynst erfitt að leggja að jöfnu miða á tónleika og það að verða hluti af gagnasafni tískurisa.

Þessu svarar forsvarsfólk hjá Tommy Hilfiger með því að benda á að hægt sé að gæta persónuverndarsjónarmiða með því að dulkóða gögn og einnig er mögulegt að slökkva á gagnasöfnun fatanna með því að slökkva á appinu. Með því að slökkva á Tommy eiga þeir sem klæðast Xplore þó ekki lengur möguleika á að safna punktum, fá hvata og upplifa allt það skemmtilega sem Tommy Jeans Xplore býður upp á, sem er stærsti hlutinn af aðdráttarafli fatnaðarins og næst ekki nema fötin séu tengd allan sólarhringinn.

Það verður fróðlegt að fylgjast með hvernig Xplore fatalínan nær til viðskiptavina og hvort við verðum öll farin að veiða lítil bleik Tommyhjörtu með gallabuxunum okkar eða derhúfunum áður en varir.




HVAR ENDA
ÞÍN ÁHRIF?
Akstur undir áhrifum vímuefna er aldrei réttlætanlegur.
Ökum allsgáð um verslunarmannahelgina, eins og alltaf.
Minningarsjóður Lovísu Hrundar | lovisahrund.is
Brandenburg | SÍA

# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**




## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Bátar




## Viðgerðir




## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Almenn garðvinna, sláttur, klippingar og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar




Spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna




### Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

### Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar









# SÖLUSÝNING FIMMTUDAGINN 9. ÁGÚST FRÁ KL. 17:00-18:00



## KÓPAVOGSBRÚN 2-4, 200 KÓPAVOGUR

Glæsilegar nýjar íbúðir til afhendingar strax.

Kópavogsbrún 2-4 er lítið hágæða fjölbýlishús með átta íbúðum á góðum stað í vesturbæ Kópavogs. Frá húsinu er fallegt útsýni og stutt í gönguleiðir og alla helstu þjónustu.

**Íbúðir sem í boði eru:**

**Íbúð 01-01**, fjögurra herbergja íbúð á 1. hæð, stærð 171,7 m2 . Íbúðinni fylgir auka íbúðarrými á jarðhæð sem er 22,2 m2 að stærð og stórt stæði í bílageymslu. Verð 96.250.000

**Íbúð 01-03**, fjögurra herbergja íbúð á 1. hæð, stærð 168,8 m2 . Íbúðinni fylgir stór sér verönd með palli, geymsla og stórt stæði í bílageymslu.



Böðvar Sigurbjörnsson
Lögg. fasteignasali
Lögfræðingur
660 4777
bodvar@fastborg.is

## GLÆSILEGAR EIGNIR Í SÖLU HJÁ BORG

## UM BORG

Reynslu miklir fasteignasalar til þjónustu reiðubúnir. Á Borg starfa aðeins löggiltir fasteignasalar. Sala og ráðgjöf. Verið ávallt velkomin.



### GERPLUSTRÆRI

Nýtt fjölbýlishús við Gerplustræti 31-37 á fallegum útsýnisstað í Helgafellslandi í Mosfellsbæ.



### FRAKKASTÍGUR

Metnaðarfull hönnun íbúðarhúsnæðis á þessum einstaka stað í miðborg Reykjavíkur.



### JAÐARLEITI 2-6

Glæsilegar íbúðir miðsvæðis í Reykjavík. Stæði í bílgeymslu hússins fylgja sumum íbúðum.


Stilling
Varahlutir í bílinn
Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu
Rafgeymar
Smursíur
Kerti, háspennukefli, kveikjuþráðasett, súrefnisskynjarar og loftflæðiskynjarar
Tímareimar og vatnsdælur
Kúplingar
Demparar, gormar og stýrisendar
Hemlahlutir
Stilling
Allt fyrir bílinn
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
9. ÁGÚST 2018 FIMMTUDAGUR




✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Einarsson**
flugumferðarstjóri,
Espigerði 4, Reykjavík,

lést laugardaginn 4. ágúst
Jarðarför auglýst síðar.

**Una Ásgeirsdóttir**
**María Marta Einarsdóttir**
**Kristín Einarsdóttir**
**Jón Ásgeir Einarsson** **Sólveig Gyða Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæri sonur, sambýlismaður,
bróðir, faðir, afi og langafi,

**Árni Jón Baldvinsson**

lést á sjúkrahúsi Færeyja þriðjudaginn
7. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**Halldóra Benediktsdóttir**
**Poulina Jóanesardóttir**
**Erna Baldvinsdóttir**
**Gunnar Baldvinsson**
**Júlía Árnadóttir**
**Guðmundur Árnason**
**Baldvin Árnason**
**Njál Jensen**



✝

Bróðir okkar,

**Hallur Jóhannesson**
Dalbraut 21,

lést á Landspítalanum við Hringbraut,
laugardaginn 5. ágúst.
Útför fer fram frá Reynivallakirkju í
Kjós laugardaginn 11. ágúst kl. 14.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kristján Jóhannesson**
**Leifur Kr. Jóhannesson**



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Hafliði Jósteinsson**
Húsavík,

sem lést annan ágúst síðastliðinn,
verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju
þriðjudaginn 14. ágúst klukkan 14.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag HSN
á Húsavík eða Gjafasjóð Hvamms.

**Laufey Jónsdóttir, börn, tengdabörn og barnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, fósturfaðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Leifur Steinarr Hreggviðsson**
Bakkakoti, Skagafirði,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri
fimmtudaginn 2. ágúst. Jarðarförin fer fram frá
Goðdalakirkju laugardaginn 25. ágúst klukkan 15.

**Kerstin Roloff**
**Ingibjörg Jenný Leifsdóttir** **Atli Freyr Sveinsson**
**Haraldur Þór Leifsson**
**Sigurjón Viðar Leifsson** **Steinunn Daníela Lárusdóttir**
**Björn Eysteinn Jóhannsson** **Inga Pála Eiríksdóttir**
**Guðný Hrefna Leifsdóttir** **Haraldur Karl Reynisson**
**Þorsteinn Ragnar Leifsson** **Gloria Simone Kucel**
**Halldór Valur Leifsson** **Eyrún Eva Steinarsdóttir**
**Sveinbjörg Inga Leifsdóttir**
**Guðni Már Leifsson**
**Swanhild Ylfa Katarína Roloff Leifsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða
hringja í síma 512 5407.




**Tinna Stefánsdóttir stillti sér stolt upp við myndir langafa síns. Sýningin var opnuð í Hofi 24. júní, þegar langafi hefði orðið 110 ára.**

# Stórval heiðraður í Hofi

## Stefán frá Möðrudal, Stórval, hefði orðið 110 ára á árinu og í tilefni þess er sýning á verkum hans í Hofi á Akureyri. Þar verður sýnd heimildarmynd um hann í kvöld.

Ég er nefnilega svo aldeilis yfirgengilega magnaður að lifa“ er heimildarmynd um Stefán Jónsson frá Möðrudal sem þekktur var undir listamannsnafninu Stórval. Hún verður sýnd í kvöld klukkan 20 í Hömrum í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Myndina gerði Egill Eðvarðsson árið 1995 um síðustu einkasýningu Stórvals sem hann hélt austur á Vopnafirði. Hún er um 45 mínútur að lengd. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

Á aðalgangi Hofs hanga myndir eftir Stórval til sýnis. Tinna Stefánsdóttir, langafabarn hans, stendur fyrir sýningunum honum til heiðurs, bæði á málverkum og heimildarmyndinni. „Málverkasýningin var opnuð í Hofi 24. júní, þegar langafi hefði orðið 110 ára. Fjölmargir hafa skoðað hana og viðbrögðin hafa verið jákvæð og skemmtileg. Verkin eru í eigu okkar afkomenda hans og þau eru ekki til sölu,“ segir Tinna sem kveðst hafa verið sex ára þegar langafi hennar lést árið 1994. „Þó að ég hafi verið svona ung þá á ég mínar minningar um hann, kannski af því að hann var svo eftirtektarverður. Mér fannst gaman að koma í heimsókn til hans við Hverfisgötuna, þar var allt út um allt, málverk og málning. Ég man ekki til að hafa verið neitt smeyk við hann, þótt hann hefði háa og skræka rödd. Hann var svo barngóður.“



**Tinna og Stefán Stórval í Möðrudal.**



**Herðubreiðarveggurinn í Hofi.**

Tinna kveðst hafa heyrt margar sögur um langafa sinn meðan á sýningunni hefur staðið. „Hann var svo áberandi í borginni, var mikið á götum úti að spjalla við fólk og segja ýktar sögur.“

Margar Herðubreiðarmyndir eru á sýningunni, að sögn Tinnu. „Við bjuggum til Herðubreiðarvegg. Drottning íslenskra fjalla tekur á móti fólki þegar það gengur inn í Hof. Svo settum við margar myndir á einn vegg og reyndum að skapa stíl Stórvals, hann var vanur að nýta veggplássið vel og hlaða upp myndum, helst frá gólfi upp í loft. Við komumst reyndar ekki alla leið upp í loft hér.“

Málverkasýningin stendur til 25. ágúst en sýning heimildarmyndarinnar í kvöld er sú eina sem er plönuð, að sögn Tinnu. „Mér finnst gaman að fá að sjá hann í heimildarmyndinni, eins og hann var, heyra röddina og hláturinn. Langafi lést rétt eftir að tökum lauk, ef þeim var þá alveg lokið. Þannig að Egill mátti ekki seinni vera.“

Tinna kveðst ekki vita hvað varð langafa hennar að aldurtila. „Nú eru amma og afi og pabbi minn látin þannig að ég hef ekki góða heimildarmenn,“ segir hún. „Mér finnst það dálítið slæmt.“

**gun@frettabladid.is**




✝

Elsku pabbi minn, sonur okkar,
bróðir og barnabarn,

**Einar Kristján Guðmundsson**
Tjarnarbóli 14, 170 Seltjarnarnesi,

lést fimmtudaginn 2. ágúst.
Útför auglýst síðar.

**Alía Margrét Einarsdóttir**
**Guðmundur Gunnarsson** **Thassanai Thaebthao**
**Ingifríður Ragna Skúladóttir** **Guðmundur Guðbjartsson**
**Guðmundur Dór Guðmundsson**
**Hrafnkell Skúli Guðmundsson**
**Alexía Ýr Magnúsdóttir**
**Patrik Birnir Guðmundsson**
**Aron Máni Guðmundsson**
**Margrét Dóra Guðmundsdóttir**
**Moritz W. Sigurðsson**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðbjörg Jóna Guðmundsdóttir**
Guðlaugsvík,
Hrútafirði,

lést þriðjudaginn 31. júlí sl. Útförin fer fram
frá Seljakirkju miðvikudaginn 15. ágúst kl. 11.00.

**Skúli Helgason**
**Guðrún Magnúsdóttir** **Jóhann Hilmarsson**
**Helgi S. Skúlason** **Anna Ósk Kolbeinsdóttir**
**Unnur Þóra Skúladóttir** **Bjarni Amby Lárusson**
**Anna Sigríður Skúladóttir** **Ragnar Hauksson**
**Guðmundur Steinar Skúlason** **Ragna Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Sirius Rúbínsúkkulaði




## Kemur í verslanir þann 18.08.18

Áttatíu ár eru frá því að ný súkkulaðitegund leit síðast dagsins ljós eða frá því að hvíta súkkulaðið var kynnt til sögunnar. Nói Síríus er með fyrstu súkkulaðiframleiðendum heims til að setja þetta fagurbleika súkkulaði á markað. Rúbínsúkkulaði er 100% náttúruleg afurð unnin úr rúbínrauðum kakóbaunum og er Síríus Rúbínsúkkulaðið framleitt í takmörkuðu magni.

NÓI SÍRÍUS

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Norðangjóla í dag. Víða léttskýjað, en skýjað og skúrir á Norðausturog Austurlandi. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast sunnanlands.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° ↘2 | 10° ↙2 | 13° ↓2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 11° ↓1 | 14° ↖2 | 10° ↑4 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° ↘4 | 12° ↓2 | 13° ↓4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 14° ↓2 | 12° ↖3 | 12° ↙3 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 4 | | 1 | | 6 |
| | | 7 | | 3 | 8 | 9 | 5 | |
| | | 5 | | 7 | | | | |
| | | | | 9 | | 5 | | |
| 8 | 9 | | | 6 | | 2 | 1 | |
| | | | | | 4 | 3 | | 7 |
| 6 | | 4 | | 5 | | 8 | | |
| 7 | | 1 | | | | 6 | 4 | |
| 3 | 8 | | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 4 | 7 | | | 8 |
| | 1 | | | | | | 9 | |
| 8 | | | | 1 | 2 | | 3 | |
| 4 | 8 | | | 3 | | 5 | | |
| | | 2 | 4 | | | | | |
| 3 | 9 | | 2 | | 8 | 7 | | |
| | | 1 | | 8 | | | | 6 |
| 5 | 7 | | 6 | | | | | |
| 6 | | | | 2 | 3 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | 9 | | |
| 3 | 4 | 5 | | | 6 | | 8 | |
| 6 | 7 | | | | | 2 | | |
| | | | | 5 | | 3 | | |
| | 6 | 2 | 3 | | | | 4 | |
| 9 | 1 | | | | 8 | | 2 | |
| | | | 8 | | | 1 | | |
| | | 6 | 1 | | | | | |
| 8 | | | | 3 | | | 7 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 3 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 1 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 2 | 1 | 5 | 9 | 4 | 8 |
| 8 | 4 | 9 | 3 | 7 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 9 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 |
| 2 | 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 1 | 4 | 7 |
| 7 | 8 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 9 |
| 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 1 | 6 | 7 | 5 | 2 |
| 5 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 |
| 6 | 1 | 5 | 2 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 9 | 4 | 7 | 3 | 8 | 1 | 6 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 2 | 4 | 9 |
| 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 2 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 6 |
| 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 7 | 5 | 1 | 8 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 8 | 5 | 4 | 7 | 3 |
| 7 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 9 | 6 | 2 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 9 | 8 | 6 | 2 | 4 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. tíund
5. ískur
6. stefna
8. færni
10. rómversk tala
11. sauðagarnir
12. hviða
13. álit
15. aðferð
17. sefast

**LÓÐRÉTT**
1. slettast
2. smyrsl
3. regla
4. ríki í afríku
7. þrif
9. kveina
12. drykkur
14. skjól
16. klaki

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** skatt, **5.** urg, **6.** út, **8.** leikni, **10.** LM, **11.** vil, **12.** kast, **13.** svar, **15.** taktík, **17.** róast.
**LÓÐRÉTT: 1.** sullast, **2.** krem, **3.** agi, **4.** túnis, **7.** tiltekt, **9.** kvarta, **12.** kakó, **14.** var, **16.** ís.

## Skák Gunnar Björnsson

Stahlberg átti leik gegn Becker í Buenos Aires árið 1944.

**Hvítur á leik**



**1. De1+! Hxe1 2. g3# 1-0.** Áskell Örn Kárason hefur byrjað vel á EM öldunga í Drammen. Helgi Áss Grétarsson og Guðmundur Kjartansson tefla í Riga.

**www.skak.is:** Íslendingar erlendis.





Það borgar sig ávallt að auglýsa í Fréttablaðinu

LÍKA Á SUMRIN!

89%
af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring

*Heimild: Prentmælingar Gallup apr. – júní og júlí – sept. 2017.

FRÉTTABLAÐIÐ


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# netto

# GIRNILEG & GÓMSÆT HELGARTILBOÐ



-30%

**UNGNAUTA-HAMBORGARAR**
4 X 90 G M/BRAUÐI
**979 KR PK** GOÐI
~~ÁÐUR: 1.398 KR/PK~~



-30%

**KJÚKLINGABRINGUR**
Í GRILLMARINERINGU
**1.889 KR KG**
~~ÁÐUR: 2.698 KR/KG~~



-30%

**KALKÚNASNEIÐAR**
BBQ COUNTRY STYLE
**1.959 KR KG**
~~ÁÐUR: 2.798 KR/KG~~



-50%

**HRINGSKORINN BÓGUR**
**499 KR KG**
~~ÁÐUR: 998 KR/KG~~



-40%

**BAYONNE SKINKA**
**1.197 KR KG**
~~ÁÐUR: 1.995 KR/KG~~



-20%

**LAXABITAR**
180 G - FROSIÐ
**398 KR STK**
~~ÁÐUR: 498 KR/STK~~

GOÐI

**LAMBALÆRISSTEIK**
með íslenskum kryddum eða grillmarineringu
**2.548 KR KG**
~~ÁÐUR: 2.998 KR/KG~~



-15%

GOÐI

**LAMBAINNRALÆRI**
með Gremolata kryddi, hvítlauks og rósmarín- eða bláberjakryddað
**3.398 KR KG**
~~ÁÐUR: 3.998 KR/KG~~



-15%



NÝTT KYNNINGAR-VERÐ

-20%

**SÚKKULAÐITERTA**
DELUXE - 1,2 KG
**1.598 KR STK**

-25%




ÓMISSANDI MEÐ STEIKINNI

**BERNEAISE SÓSA**
270ml
**299 KR STK**
~~ÁÐUR: 398 KR/STK~~

-50%

**BLÁBERJABOX**
125g
**229 KR ASKJAN**
~~ÁÐUR: 458 KR/ASKJAN~~

**FJÖLNOTA POKI FYLGIR FRÍTT MEÐ ÖLLUM NETPÖNTUNUM TIL 15. ÁGÚST**



netto Á NETINU

**Tilboðin gilda 9.-12. ágúst 2018 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

www.netto.is



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is




Björg og Ragnar í Tjarnarbíói þar sem Kammersveitin Elja og Ung nordisk musik leiða saman hesta sína á tvennum tónleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

# Rík upplifun fyrir áheyrendur

**Kammersveitin Elja og Ung nordisk musik leiða saman hesta sína á tónleikum. Huga að frekari samstarfi. Verk eftir ung íslensk tónskáld áberandi á efnisskránni.**

Kammersveitin Elja og Ung nordisk musik leiða saman hesta sína á tvennum tónleikum 10. og 11. ágúst í Tjarnarbíói. Elja var stofnuð fyrir ári og Björg Brjánsdóttir er meðal stofnenda. „Við í kammersveitinni erum hátt á þriðja tug,“ segir hún. „Flest ólumst við upp saman í tónlistarlífinu, vorum saman í skólum og spiluðum mikið saman. Við erum mörg búin með grunnnám á háskólastigi og sumir líka búnir með meistaranám og okkur fannst vanta vettvang þar sem við gætum komið okkur á framfæri, spilað kammermúsík og skapað spennandi verkefni. Um leið langaði okkur til að kynna þessa tónlist fyrir áheyrendum. Það er til svo mikið af fallegum verkum fyrir minni sveitir. Við höfum líka verið að spila Haydn-sinfóníur sem henta vel litlum hljómsveitum.“

**Höldum ótrauð áfram**

Elja hélt fyrstu tónleika sína í desember síðastliðnum. „Þá spiluðum við einmitt blöndu af kammerverkum og enn minni verkum og það vakti mikla hrifningu,“ segir Björg. „Enn sem komið er erum við aðallega að vinna á sumrin og um jól þar sem margir í Elju stunda nám erlendis. Við munum halda ótrauð áfram.“

Tónleikarnir þann 10. ágúst eru klukkan 20 í Tjarnarbíói undir yfirskriftinni Brot úr minni. Þar fær sveitin til liðs við sig tvo unga tónsmiði, Jófríði Ákadóttur og Halldór Eldjárn. Halldór hefur samið nýtt verk tileinkað sveitinni sem frumflutt verður á tónleikunum. Jófríður mun ásamt sveitinni flytja nokkur lög sín í nýjum búningi. Auk þessara verka munu hljóðfæraleikarar leika verk eftir Joseph Haydn og Arnold Schönberg.

**Unnið með ólíka miðla**

Daginn eftir, 11. ágúst, tekur Elja þátt í tónlistarverkefninu Tvístrun sem er haldið á vegum Íslandsdeildar Ung nordisk musik. Ung nordisk musik eru norræn samtök sem standa fyrir tónlistarhátíð ár hvert í einu aðildarlanda þess. Á hverju ári er hópur sjö íslenskra tónskálda hluti af hátíðinni. Í fyrra var hátíðin haldin í Reykjavík en hátíðin er alla jafna haldin á Íslandi á fimm ára fresti. Í ár er hátíðin í Björgvin í Noregi.

Ragnar Árni Ólafsson er meðal þeirra sem eru í forsvari fyrir samtökin hér á landi. „Samtökin eru vettvangur fyrir ung tónskáld sem eru mörg á mjög svipuðu reki og fólkið í Elju. Þessir hópar skarast meira að segja, það eru tónskáld innan okkar raða sem eru líka í Elju. Okkur fannst því upplagt að eiga samstarf við Elju,“ segir Ragnar. „Á tónleikunum þann 11. verða verk eftir þau sjö íslensku tónskáld sem verða á hátíðinni í Bergen og einnig tvö önnur verk sem voru valin í umsóknarferli um síðustu áramót.“ Höfundar verkanna eru Bára Gísladóttir, Fjóla Evans, Gísli Magnússon, Gulli Björnsson, Gylfi Gudjohnsen, Inga Magnes Weisshappel, Ingibjörg Friðriksdóttir, Katrín Helga Ólafsdóttir og Örnólfur Eldon.

„Við köllum þessa tónleika Tvístrun því þar erum við að sjá hvað við getum lært hvert af öðru, í gegn um það sem er ólíkt. Þarna eru hljóðfæraleikarar sem spila klassík og tónskáld sem sum hver semja rafverk og enn þá óhefðbundnari verk. Fólk er að vinna með ólíka miðla og það er spennandi fyrir það að vinna saman. Þarna heyra tónskáldin verk sín flutt af framúrskarandi hljóðfæraleikurum og hljóðfæraleikararnir takast á við ný verkefni. Tónleikarnir spanna ólíkar nálganir yfir langan, rúmlega tveggja klukkutíma tímaramma, sem er rík upplifun

# Strengjaleikurinn þurr eins og sandpappír

**TÓNLIST**

**Kammertónleikar**

★★★☆☆

**Miller-Porfiris Duo ásamt Ertan Torgul, Jennifer Kloetzel og Svövu Bernharðsdóttur fluttu verk eftir Mozart, Martinu og Janacek.**

**Kaldalón í Hörpu**
þriðjudaginn 7. ágúst



Ertan Torgul, Jennifer Koetzel, Rita Porfiris og Anton Miller. MYND/HARPA

Dúrinn er hress, mollinn dapur. Þetta er einföldun, en ekki langt frá sannleikanum. Ég er á þeirri skoðun að Mozart sé almennt betri í moll en í dúr, hver svo sem ástæðan er. Hvað er fegurra en fertugasta sinfónían í g-moll, d-moll píanókonsertinn eða fiðlu- og píanósónatan í e-moll?

Eitt af þessum hrífandi verkum snillingsins er strengjakvintett í g-moll K 516. Hann er tregafullur og ljóðrænn, stórbrotinn og grípandi, en skilaði sér ekki fyllilega á tónleikum í Kaldalóni í Hörpu á þriðjudagskvöldið. Þar lék Miller-Porfiris dúóið (Anton Miller á fiðlu og Rita Porfiris á víólu). Með þeim var Ertan Torgul fiðluleikari, Jennifer Kloetzel sellóleikari og Svava Bernharðsdóttir víóluleikari. Byrjunin var reyndar prýðileg, túlkunin var stílhrein og kraftmikil. Fyrstu tveir kaflarnir voru snurðulausir, ef frá eru taldir nokkrir tónar úr fyrstu fiðlu, sem löfðu aðeins í hæðinni.

Vandamálið var lítill hljómburður Kaldalóns, sem gerði strengjaleikinn þurran eins og sandpappír. Þetta var sérstaklega bagalegt í hæga kaflanum, þar sem hljóðfæraleikararnir léku með dempara, eins og tónskáldið gaf fyrirmæli um í nótnahandritinu. Dempari er lítið stykki sem sett er á strengina við brúna og dregur aðeins úr hljómnum, svipað og vinstri pedallinn á píanói. Í takmarkaðri endurómun salarins virkaði þetta alls ekki. Hljómurinn í strengjunum var eins og í lélegum hljóðgervli, sem gersamlega drap stemninguna.

Fjórgur, ódempaður lokakaflinn breytti litlu þar um því maður var búinn að missa þráðinn í kaflanum á undan. Þetta er synd, því flutningurinn var á margan hátt góður. Samspilið var nákvæmt og sellóleikurinn var áberandi flottur, djúpur, breiður og ástríðuþrunginn. Verst að það dugði ekki til.

Eftir hlé voru tvö verk, og hið fyrra var dúó nr. 2 H 331 eftir tékkneska tónskáldið Bohuslav Martinu. Þau Miller og Porfiris léku þar af miklum þrótti og glæsileik. Tónlistin sjálf var aftur á móti fráhrindandi, manísk og tryllingsleg. Hún var eins konar músíkútgáfa mannsins sem enginn vill mæta í myrkri. Upplifunin á tónleikunum var í samræmi við það, býsna neikvæð.

Samlandi Martinus, Leon Janacek, átti lokaverkið á tónleikunum. Það var strengjakvartett nr. 2 sem ber yfirskriftina „Náin bréf“. Þar er vísað til bréfasamskipta sem tónskáldið átti á efri árum við sér mun yngri konu. Þau voru þá bæði



## ÞARNA HEYRA TÓNSKÁLDIN VERK SÍN FLUTT AF FRAMÚRSKARANDI HLJÓÐFÆRALEIKURUM OG HLJÓÐFÆRALEIKARARNIR TAKAST Á VIÐ NÝ VERKEFNI.

fyrir áheyrendur. Við vonumst svo til að þetta samstarf geti leitt af sér frekara samstarf þegar fram líða stundir,“ segir Ragnar.

Á undan tónleikunum á laugardaginn fara fram opnar umræður um stöðu hátíðarinnar og félagsins. Miðasala fer fram á tix.is og hægt er að velja um miða á staka tónleika eða passa sem gildir á báða viðburði.

gift öðrum. Janacek var í ástlausu hjónabandi sem hökti á vananum einum, en bréfasambandið við ungu konuna var tilfinningaríkt, þó það væri alla tíð platónskt. Kvartettinn er ekki besta tónsmíð hans, hann er örvæntingarfullur á óþægilegan hátt og kemst aldrei almennilega á flug. Í lítilli endurómun Kaldalóns var strengleikurinn harðneskjulegur og skerandi, og maður naut hans ekki. Fjórmenningarnir, þeir sem áður hafa verið taldir upp, án Svövu, eru engu að síður flottir hljóðfæraleikarar, en umhverfið spilaði ekki með þeim. Kaldalón er samt fínn salur, en hann hentar betur annarri tónlist en þeirri sem hér var boðið upp á. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Yfirleitt magnaður flutningur, en tónlistin var misjafnlega skemmtileg og hljómburðurinn óheppilegur.

# Búningamynstrin hafa fengið eigin líf

Guðbjörg Ringsted opnar málverkasýningu að Brúnum í Eyjafjarðarsveit í kvöld, 9. ágúst klukkan 20. Þemað er blómamynstur af íslenska kvenbúningnum sem hún kveðst hafa haft sem viðfangsefni undanfarin ár.

„Ég byrjaði að endurskapa þjóðbúningaskartið árið 2006, þá með teikningum og var fyrst dálítið föst í að fylgja bekkjum og öðrum skreytingum. Svo hefur orðið þróun hjá mér eftir að ég fór að fást við málverkið, það hefur aðeins losnað um mynstrin, þau flögra um myndflötinn og hafa fengið eigin líf,“ lýsir Guðbjörg. Hún segir sýninguna vera í tengslum við handverkshátíðina á Hrafnagili. „Brúnir eru beint á móti, hinum megin í firðinum og þar er prýðis sýningaraðstaða og veitingasala.“

Sýning Guðbjargar að Brúnum stendur til 23. september og er opin alla daga frá klukkan 13 til 18 sem er opnunartími gallerísins og kaffihússins þar.

**gun@frettabladid.is**

**SÝNING GUÐBJARGAR AÐ BRÚNUM STENDUR TIL 23. SEPTEMBER OG ER OPIN ALLA DAGA FRÁ KLUKKAN 13 TIL 18.**



Guðbjörg hefur fengist við myndlist frá því að hún útskrifaðist úr grafíkdeild MHÍ 1982.




# Hvað Hvenær Hvar Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 9. ÁGÚST 2018

### Tónlist

**Hvað?** Hildur Vala og Jón Ólafsson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kaffi Klara, Ólafsfirði
Hildur Vala og Jón Ólafs flytja lög af sólóplötum sínum auk fleiri laga sem ratað hafa á prógrammið. Nýverið sendi Hildur Vala frá sér sína fyrstu plötu með eigin efni og hefur hún hlotið frábæra dóma og viðtökur. Tónleikarnir eru hluti af hógværri síðsumarstónleikaröð þeirra hjóna og hefjast kl. 21.00.

**Hvað?** Tónleikar í skininu hvíta
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Stykkishólmskirkja
Tónleikarnir bera yfirskriftina „... í skininu hvíta“ þar sem flutt verða falleg sönglög frá Íslandi, Ungverjalandi, Rússlandi og Þýskalandi. Hanna Dóra Sturludóttir stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík áður en hún hélt til framhaldsnáms í Listaháskólanum í Berlín. Snorri Sigfús Birgisson stundaði píanónám fyrst hjá Gunnari Sigurgeirssyni en innritaðist síðan í Tónlistarskólann í Reykjavík. Hann lauk einleikaraprófi 1974. Ljóðin koma víða við og fjalla um líf, náttúru, ást og sorg. Frumfluttar verða útsetningar eftir Snorra Sigfús við gömul kvæðalög ættuð úr nágrenni Stykkishólms.

**Hvað?** Valdimar & Örn Eldjárn
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bryggjan Brugghús
Söngvarinn Valdimar Guðmundsson og gítarleikarinn Örn Eldjárn hafa undanfarin ár flutt dásamlega einlæga og hugljúfa dagskrá sem samanstendur af lögum sem Valdimar hefur sungið með hljómsveit sinni í bland við uppáhaldslög þeirra félaga við hin ýmsu tækifæri. Nú ætla þeir vinir að endurtaka leikinn síðan í fyrra og heimsækja nokkra vel valda staði um allt land í ágúst. Í Reykjavík munu þeir koma fram á Bryggjunni Brugghúsi en þar líður þeim best, svona alla jafna. Það er frítt inn á tónleikana og opnað verður inn í tónleikasalinn klukkan 20.30. Ekki er hægt að panta borð í tónleikasalnum.

**Hvað?** Konsulat – Útgáfutónleikar
**Hvenær?** 21.00



**Opnunarhátíð Hinsegin daga fer fram með pompi og prakt í Háskólabíói í kvöld. Að venju mun fjöldi frábærra listamanna koma fram og færa okkur söng, dans og gleði í hæsta gæðaflokki.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Hljómsveitin Konsulat fagnar útgáfu nýrrar hljómplötu sinnar Kolaport með tónleikum í Mengi. Konsulat hefur áður gefið út breiðskífurnar Invaders og Vitaminkur auk stuttskífanna Ormhole og Teque Etiquette. Hljómplatan Kolaport inniheldur fimm ný lög og hægt verður að kaupa plötuna á staðnum. Konsulat samanstendur af þeim Þórði Grímssyni og Arnljóti Sigurðssyni en á tónleikunum munu þeir njóta liðsinnis góðra gesta (nánar tilkynnt síðar). Húsið opnað kl. 20.30. Miðaverð 2.000 krónur.

**Hvað?** Eric Clapton heiðurstónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hard Rock
Hljómsveitin Key to the Highway kemur fram á Hard Rock fimmtudaginn 9. ágúst. Hljómsveitin var stofnuð árið 2015 í tilefni af 70 ára afmæli Erics Clapton til að gera ferli þessa tónlistarmanns góð skil í lifandi flutningi. Aðgangseyrir 2.500.

**Hvað?** Freyjujazz – Rebekka Blöndal
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Listasafn Reykjavíkur
Söngkonan Rebekka Blöndal hefur á skömmum tíma komið víða við, í sjónvarpi og á ýmsum tónleikastöðum. Hún þykir ein af efnilegustu djasssöngkonum landsins um þessar mundir. Rebekka mun syngja sína uppáhalds djassstandarda með spunaívafi. Með henni leikur Sara Mjöll Magnúsdóttir á píanó. Aðgangseyrir er 1.800 krónur. Tónleikarnir verða á efstu hæð og verður barinn opinn.

### Viðburðir

**Hvað?** Act alone
**Hvenær?** 18.45
**Hvar?** Suðureyri
Einleikjahátíðin Act alone hefst í dag. Boðið upp á einstaka dagskrá og ókeypis á alla viðburði. Dagskráin hefst með fiskveislu kl. 18.45 við félagsheimilið á Suðureyri. Þegar allir eru orðnir mettir hefst formleg dagskrá í félagsheimilinu. Kl. 19.30 stígur Pétur Jesú á senu með einstaka tónleika og gamanmál. Kl. 21.00 tekur Íslandsmeistarinn í ljóðaslammi við og má búast við hressilegu stuði. Kl. 21.45 verða tónleikar með þýska söngvaskáldinu Franzisku Günther. Svo tekur uppistandið við. Fyrst stígur á svið fyndnasti maður Vestfjarða, Svava Traustadóttir, kl. 22.50 og hitar upp fyrir Pörupiltinn Nonna Bö. Opnunarkveldinu lýkur síðan með myndbandsverkinu Fragility white & blue. Allir á Actið því það kostar ekkert.

**Hvað?** Opnunarhátíð Hinsegin daga
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Háskólabíó
Opnunarhátíð Hinsegin daga 2018 gengur undir nafninu „Frelsið“. Frelsi til að elska. Frelsi til að tjá eigið kyn. Frelsi til að njóta ásta. Frelsi til að vera maður sjálfur. Frelsi til að ráða yfir eigin líkama. Frelsi til að láta drauma sína rætast óháð kynhneigð, kyngervi eða kyni. Frelsi til að tilheyra. Margra ára barátta hefur skapað það frelsi sem við búum við í dag, þótt það sé enn takmarkað. Fögnum, gleðjumst og skerpum á þeirri samstöðu sem kom okkur þangað sem við erum og mun skila okkur inn í framtíðina. Að venju mun fjöldi frábærra listamanna koma fram og færa okkur söng, dans og gleði í hæsta gæðaflokki.



**Einleikjahátíðin Act alone hefst í dag. Boðið er upp á einstaka dagskrá og það er ókeypis inn á alla viðburði.**

**Hvað?** Menningar- og heilsuganga: Selvogsgatan
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Kaldársel
Einar Skúlason, höfundur Wappsins, leiðir göngu um hluta af gömlu Selvogsleiðinni sem lá á milli Hafnarfjarðar og Selvogs. Safnast verður saman kl. 18 við Kaldársel og rúta flytur þátttakendur á upphafsstað göngunnar við Bláfjallaafleggjarann (Hafnarfjarðarleiðin í Bláfjöll). Svo er genginn búturinn af Selvogsgötunni sem leið liggur aftur í Kaldársel með viðkomu í Valabóli/Músarhelli. Vegalengd er áætluð um 7 km og engin hækkun að ráði, við munum þvert á móti lækka okkur smátt og smátt. Slóðarnir eru að miklu leyti um hraun en greiðfærir þó að það geti verið grýtt á stöku stað. Gangan tekur um 2-3 klukkustundir.

**Hvað?** Mamma Mia! Here We Go Again, sing-along sýning!
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Laugarásbíó
Þá er komið að því! Sing-along sýningin á Mamma Mia! Here We Go Again verður haldin í Laugarásbíói, fimmtudaginn 9. ágúst kl. 19.30 í samstarfi við Guðbjörgu Ósk hjá osk.is.

### Námskeið

**Hvað?** Laxdælasaga og siðferðileg menntun
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Árnagarður
Boðið er upp á námskeið um Laxdælasögu sem kennsluefni fyrir unglinga í húsakynnum menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð. Dagskráin fer fram í stofu 301 í Árnagarði. Námskeiðið: er fyrir móðurmálskennara á unglingastigi grunnskóla og við framhaldsskóla og alla aðra sem hafa áhuga á Íslendingasögum sem námsefni fyrir unglinga. Hentar jafnt kennurum sem nota óstyttan texta Laxdælu og þeim sem styðjast við endursögn Gunnars Karlssonar sem nýlega hefur verið endurútgefin af Menntamálastofnun. Byggist á reynslu af rannsóknarverkefni sem við höfum unnið að í tvö ár í samráði við kennara á unglingastigi við þrjá grunnskóla. Rannsóknarverkefnið sem námskeiðið byggist á snýst um að kanna hvernig: Kynning á siðferðilegum hugtökum glæðir áhuga unglinga á sögunni og hjálpar þeim að skilja hana. Rökræða um söguna sem gefur nemendum tækifæri til að ná valdi á siðferðilegum hugtökum og orðaforða um mannkosti eins og til dæmis heiðarleika, hugrekki, kærleika, sanngirni, sáttfýsi, sjálfsaga, þrautseigju og örlæti. Þátttökugjald er 3.000 krónur fyrir námskeiðið og 3.000 krónur fyrir ráðstefnuna. Þeir sem skrá sig á hvort tveggja fá afslátt og greiða alls 5.000 krónur.

**Hvað?** Kertafleyting á Reykjavíkurtjörn – gegn kjarnorkuvopnum
**Hvenær?** 22.30
**Hvar?** Reykjavíkurtjörn
Samstarfshópur friðarhreyfinga stendur fyrir kertafleytingu á Reykjavíkurtjörn í minningu fórnarlamba kjarnorkuárásanna á Híróshíma og Nagasaki og til að leggja áherslu á kröfuna um heim án kjarnorkuvopna. Safnast verður saman við suðvesturenda Tjarnarinnar við Skothúsveg. Flotkerti verða seld á staðnum og er verð þeirra 500 krónur. Stutt dagskrá verður á undan fleytingunni. Kertafleytingar verða einnig á Akureyri, Ísafirði og mögulega víðar.

ego dekor
Bæjarlind 12, Kópavogi. www.egodekor.is
ÚTSALAN ER HAFIN
10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM


Nýir tímar
2.490,-
GUNGGUNG róla
FUBBLA
borðlampi
3.990,-
8.400,-
PÅHL skrifborð
5.990,-
ÖRFJÄLL barnaskrifborðsstóll
PLUFSIG
æfingadýna
3.990,-
IKEA
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - IKEA.is
© Inter IKEA Systems B.V. 2018

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur




### STARTUP
KL. 22:25

Glæný þáttaröð með Martin Freeman og Adam Brody í aðalhlutverkum um bankastarfsmann, foringja skipulagðrar glæpastarfsemi og tölvuþrjót sem snúa bökum saman og freista þess að reka fyrirtæki með illa fengnum peningum.





**Frábær fimmtudagur**

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**


### MASTERCHEF USA
KL. 19:30

Gordon Ramsay og félagar freista þess að finna nýjan meistarakokk Bandaríkjanna. Eins og áður reynir á hugmyndaflug og færni þátttakenda og að lokum stendur einn uppi sem sigurvegari.



### NCIS
KL. 20:10

Stórgóðir og léttir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.




### LETHAL WEAPON
KL. 20:55

Skemmtilegir spennuþættir sem eru byggðir á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh.



### ANIMAL KINGDOM
KL. 21:40

Þau eru ekki öll þar sem þau eru séð og láta ekkert stoppa sig þegar gróðavonin er annars vegar. Hörkuspennandi þáttaröð með Ellen Barkin í aðalhlutverki.



### MIKE AND DAVE NEED WEDDING DATES
BÍÓ
KL. 22:00

Bræðurnir Mike og Dave eyðileggja allar samkomur sem þeir sækja og faðir þeirra krefst þess að þeir finni deit fyrir brúðkaup systur þeirra.



### BOARDWALK EMPIRE
3
KL. 21:55

Þættirnir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna í Bandaríkjunum þegar Wall Street var á mikilli uppleið og mörg glæpagengi spruttu upp.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr. **stod2.is**

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Tommi og Jenni
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.10** Bold and the Beautiful
**09.30** The Doctors
**10.10** Sumar og grillréttir Eyþórs
**10.40** Hönnun og lífsstíll með Völu Matt
**11.05** The Heart Guy
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** I Am Sam
**15.10** World of Dance
**15.50** Brother vs. Brother Frábærir þættir með þeim bræðrum Jonathan og Drew sem hvor um sig fær með sér í lið hóp af ólíku fólki en í hópnum er t.d. byggingarverktaki, innanhússhönnuður og fasteignasali og keppa um það hver er bestur í því að endurgera fasteign. Liðin tvö fá fjölmörg spennandi verkefni sem þau þurfa að leysa og í hverjum þætti er einn þátttakandi sendur heim. Í lokin mun einn þátttakandi standa uppi sem sigurvegari þáttaraðarinnar og hljóta peningaverðlaun fyrir.
**16.30** Enlightened
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Sportpakkinn
**19.00** Fréttayfirlit og veður
**19.05** Modern Family
**19.25** Masterchef USA
**20.10** NCIS
**20.55** Lethal Weapon Önnur syrpa þessara spennuþátta sem byggðir eru á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh. Tveir ólíkir lögreglumenn í lífi og starfi, annar varkár og fer með gát að öllu en hinn lifir lífinu á ystu nöf, ná að vinna saman með einstökum árangri. Með aðalhlutverk fara Damon Wayans og Clayne Crawford.
**21.40** Animal Kingdom
**22.25** StartUp
**23.10** Real Time with Bill Maher
**00.05** Killing Eve
**00.50** Vice
**01.20** Insecure
**01.45** Little Boy Blue
**02.30** Little Boy Blue
**03.20** I Am Sam

## STÖÐ 2 SPORT

**07.45** KA - FH
**09.25** Breiðablik - KR
**11.10** Pepsi-mörkin 2018
**12.30** Premier League - Preview to the Season
**13.25** Hull City - Aston Villa
**15.05** Football League Show 2018/19
**15.35** Bayern München - Manchester United
**17.15** Pepsi-mörkin 2018
**18.35** Premier League World 2018/2019
**19.05** ÍR - Leiknir
**21.15** KA - FH
**22.55** Pepsi-mörkin 2018

## STÖÐ 2 SPORT 2

Engin dagskrá

## STÖÐ 3

**19.10** Kevin Can Wait
**19.35** Last Man Standing
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Famous in Love
**21.30** The Detour
**21.55** Boardwalk Empire
**22.55** The Simpsons
**23.20** Bob's Burgers
**23.45** American Dad
**00.30** Seinfeld
**00.55** Friends
**01.20** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13** Tindur
**07.23** Mæja býfluga
**07.35** K3
**07.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Rasmus Klumpur og félagar
**09.55** Lalli
**10.00** Strumparnir
**10.25** Ævintýraferðin
**10.37** Hvellur keppnisbíll
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og litli
**11.13** Tindur
**11.23** Mæja býfluga
**11.35** K3
**11.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Rasmus Klumpur og félagar
**13.55** Lalli
**14.00** Strumparnir
**14.25** Ævintýraferðin
**14.37** Hvellur keppnisbíll
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og litli
**15.13** Tindur
**15.23** Mæja býfluga
**15.35** K3
**15.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Rasmus Klumpur og félagar
**17.55** Lalli
**18.00** Strumparnir
**18.25** Ævintýraferðin
**18.37** Hvellur keppnisbíll
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Kubo and the Two Strings

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 08.24, 12.24 og 16.24**



## GOLFSTÖÐIN

**09.00** Golfing World 2018
**09.50** WGC: Bridgestone Invitational
**15.50** Golfing World 2018
**16.40** Inside the PGA Tour 2018 .
**17.05** Champions Tour Highlights 2018
**18.00** PGA Championship 2018
**00.00** Inside the PGA Tour 2018
**00.25** PGA Highlights 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.50** Southside with You
**14.15** Steinaldarmennirnir
**15.45** Kindergarten Cop 2
**17.25** Southside with You Mynd frá 2016 sem byggð er á sönnum atburðum og gerist sumarið 1989 þegar verðandi Bandaríkjaforseti, Barack Obama, gerði hosur sínar grænar fyrir framtíðareiginkonu sinni, Michelle Robinson, í Chicago. Barack var þá óreyndur lögfræðilærlingur sem Michelle var falið að þjálfa.
**18.50** Steinaldarmennirnir
**20.20** Kindergarten Cop 2
**22.00** Mike and Dave Need Wedding Dates
**23.35** Kong: Skull Island
**01.30** The Great Wall
**03.15** Mike and Dave Need Wedding Dates

## RÚV

**07.55** Frjálsar íþróttir
**12.25** Þríþraut
**14.30** Á götunni - Jólaþáttur
**15.00** Átök í uppeldinu
**15.40** Sund: Úrslit
**17.20** Landinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Begga og Fress
**18.13** Lundaklettur
**18.20** Ronja ræningjadóttir
**18.44** Flink
**18.47** Ormagöng
**18.50** Vísindahorn Ævars
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Hinseginleikinn
**19.55** Myndavélar
**20.05** Heimavöllur
**21.05** Fangar
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Meistaramót Evrópu: Samantekt
**22.35** Lögregluvaktin
**23.20** Sýknaður
**00.05** Veiðikofinn
**00.25** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.30** The Late Late Show with James Corden
**10.15** Síminn + Spotify
**11.45** Everybody Loves Raymond
**12.10** King of Queens
**12.35** How I Met Your Mother
**13.00** Dr. Phil
**13.40** American Housewife
**14.05** Kevin (Probably) Saves the World
**14.50** America's Funniest Home Videos
**15.15** The Millers
**15.40** Solsidan
**16.05** Everybody Loves Raymond
**16.30** King of Queens
**16.55** How I Met Your Mother
**17.20** Dr. Phil
**18.05** The Tonight Show
**18.50** The Late Late Show
**19.35** Solsidan
**20.00** Amazing Hotels: Life Beyond the Lobby
**21.00** Instinct
**21.50** How to Get Away with Murder
**22.35** Zoo
**23.25** The Tonight Show
**00.45** 24
**01.30** 24
**02.15** Jamestown
**03.05** SEAL Team
**03.50** Agents of S.H.I.E.L.D.
**04.40** Rosewood
**05.30** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# Skólatöskudagar 9.-15. ágúst

## ALLAR SKÓLATÖSKUR OG PENNAVESKI Á 20% AFSLÆTTI*




**A4 klúbburinn**

**5%** INNEIGN AF ÖLLUM KAUPUM

* AFSLÁTTUR GILDIR EKKI UM HERSCHEL SKÓLATÖSKUR OG PENNAVESKI.


Frí heimsending ef verslað er fyrir 14.900 eða meira á www.a4.is

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

**A4** SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN

# Hayley Kiyoko „lesbíski Jesús“ á Airwaves í ár



Hayley leikstýrir myndböndunum sjálf og hefur myndbandið Girls on girls um 94 milljón áhorf. MYND/AMANDA CHARCHIAN

**Hinsegin söngkonan, leikkonan og leikstýran Hayley Kiyoko kemur fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves í ár. Hayley er mikil baráttukona fyrir réttindum hinsegin fólks.**



Lovísa Arnardóttir
lovisaa@frettabladid.is

Söngkonan, leikkonan og leikstýran Hayley Kiyoko mun koma fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves í ár. Tónlistarhátíðin leggur sérstaka áherslu í ár á að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá sem inniheldur bæði karla og konur og fjölda hinsegin tónlistarfólks.

**FYRIR MIG SNÝST ÞAÐ UM AÐ GERA TILFINNINGAR OKKAR SJÁLFSAGÐAR INNAN SAMFÉLAGSINS OG AÐ ÞAÐ SÉ EÐLILEGT AÐ SJÁ TVÆR STELPUR SAMAN EÐA AÐ ÞAÐ SÉ EÐLILEGT AÐ SJÁ STELPUR BERA TILFINNINGAR HVOR TIL ANNARRAR.**

### Ætti að vera eðlilegt að sjá stelpur saman

Hayley gaf út sína fyrstu plötu, Expectations, á árinu og hefur í kjölfar færslu á Twitter sem hún birti í byrjun árs með myllumerkinu #20GAYTEEN leitt byltingu meðal hinsegin fólks um að árið í ár sé ár breytinga fyrir hinsegin fólk. Aðdáendur söngkonunnar vísa alla jafna til hennar sem hins lesbíska Jesú og þakka margir henni fyrir að standa með hinseginleika sínum með því að, til dæmis, syngja til stúlkna í stað stráka.

„Fyrir mig snýst það um að gera tilfinningar okkar sjálfsagðar innan samfélagsins, að það sé eðlilegt að sjá tvær stelpur saman eða að það sé eðlilegt að sjá stelpur bera tilfinningar hvor til annarrar. Í myndböndunum mínum reyni ég að fara að mörkunum og þannig að gera það sjálfsagt eftir þeim leiðum sem mér eru mögulegar. Það hefur verið mín leið til að þrýsta á breytingar í samfélaginu,“ segir söngkonan Hayley Kiyoko í samtali við Fréttablaðið.

Spurð hvað henni finnist um að aðdáendur hennar vísi til hennar sem hins lesbíska Jesú hlær hún og segir að svo lengi sem þau skemmti sér sé hún ánægð en það sem skipti hana mestu máli er að vera hún sjálf og koma sínum skilaboðum áleiðis.

„Þegar ég var yngri þekkti ég ekki fólk eins og mig sem líkaði við stelpur og í kjölfarið leið mér oft eins og ég væri ein. Ég er því að reyna að vera eins opinská og ég get með það hver ég er svo að fólk af yngri kynslóðum geti fyrr fundið sína hamingju og elskað sig sjálft,“ segir Hayley.

### Halda ætti upp á „Pride“ alla daga

Hayley vissi ekki að tilkynnt væri um komu hennar samhliða því að Reykjavík Pride er í gangi en sagðist sérstaklega ánægð með að heyra það.

„Fyrir mér ætti ekki að halda upp á „Pride“ í eina viku á ári, það ætti að halda upp á það á hverjum degi. Fyrir mér stendur „Pride“ fyrir sjálfstraust og sjálfsást og ég hvet alla til að skora á sjálfa sig á þessu ári að elska sig meira þannig að þeim hætti að líða óþægilega í eigin skinni,“ segir Hayley að lokum.

## Hver er Hayley?

- Hayley er frá Los Angeles og er fædd árið 1991.
- Hún hefur einnig leikið í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum eins og CSI:Cyber og XOXO frá Netflix.
- Horft hefur verið á myndbandið við Girls on girls 94 milljón sinnum á YouTube.
- Hún er tilnefnd til tvennra verðlauna á MTV Video Music Awards hátíðinni sem haldin verður í ágúst.



Fever Ray, sem eitt sinn var í sænska dúóinu The Knife, verður einnig á Airwaves í ár.

### Fever Ray og Blood Orange einnig á Airwaves

Annað hinsegin tónlistarfólk sem spilar á Iceland Airwaves í ár er sænska söngkonan Fever Ray úr hljómsveitinni The Knife, bandaríska söngkonan Snail Mail, breski söngvarinn Blood Orange, finnska söngkonan Alma og íslenski draglistamaðurinn Mighty Bear.



Bandaríska söngkonan Snail Mail.



Breski tónlistarmaðurinn Blood Orange.



Draglistamaðurinn Mighty Bear.

F Sjá nánar á Fréttablaðið.is
Lengri útgáfu má lesa á frettabladid.is.






# Bíllinn skoðaður og allir öruggir!

## Láttu skoða bílinn í réttum mánuði hjá Frumherja

Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur · Vatnsvernd · Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Söluskoðun · Hópbílar · Farprófari

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS YR 19 2019 518

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




**Það er góð tilfinning að vera á nýskoðuðum bíl frá Frumherja!**

Frumherji
www.frumherji.is

HÁGÆÐA IÐNAÐARHURÐIR



VÉLABORG
www.velaborg.is
Crawford
ASSA ABLOY
Járnháls 2-4 | 414-8600 | velaborg@velaborg.is

Verkfæri í miklu úrvali



ViAir 12V loftdælur í miklu úvali.
Jeppatjakkur 2.25t 52cm.
17.995
METABO Bútsög KS216
16.995
Verðmætaskápar
frá 4.995
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Amadeus borðstofuhúsgögn
Komið og skoðið úrvalið
Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

PHO VIETNAMESE



VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í ASÍSKRI MATARGERÐ.
HOLLUR OG LJÚFFENGUR MATUR.
Vietnamese restaurant
Laugavegi 27 og
Suðurlandsbraut 8
sími: 588 6868
pho.is



Óskar og félagar eru með útgáfutónleika í lok mánaðarins. MYND/GAUI H

# Hljóðfæri Vintage Caravan týnd á Spáni

Martraðarflugferð hljómsveitarinnar The Vintage Caravan með flugfélaginu Vueling frá Barcelona lauk þannig að þeir fóru heim tómhentir. Engin hljóðfæri voru um borð og bíða þeir og vona það besta.

Vueling stóð sig aldeilis illa í öllu sem hægt er að standa sig illa í. Það var ekki í einum einasta hlut sem við gátum sagt: þarna stóð flugfélagið sig vel. Það er bara ekki hægt. Ekki í þessu tilfelli,“ segir Óskar Logi Ágústsson, söngvari og gítarleikari rokkhljómsveitarinnar The Vintage Caravan.

Hljómsveitin hafði verið að spila á tónlistarhátíð á Spáni og pantaði tvö flug með Vueling, sem er næststærsta flugfélag landsins. Frá Bilbao til Barcelona og frá Barcelona til Íslands. Fyrri flugferðin var dásamleg en þegar átti að halda af stað til Íslands fór allt til andskotans.

„Maður fann það um leið og við komum um borð að flugvélin væri ekkert að fara af stað. Það liðu tveir tímar frá því að við settumst og þar til við fórum af stað. Eftir klukkustund þá er farþegum tilkynnt að það hafi verið vesen að ná í töskurnar en það væri verið að vinna í því. Ég sá hljóðfærin mín fyrir utan vélina og um 45 mínútum síðar áttum við að leggja af stað. En þá kom önnur töf því flugvélin missti af plássinu sínu.“

Óskar segir að fjölmargir hafi verið án farangursins síns og það sé alveg djöfullegt að vita ekki hvar hljóðfærin þeirra séu. „Það voru þó nokkrir Íslendingar með í þessu flugi og þó nokkuð margir brjálaðir Spánverjar í Keflavík þegar við lentum. Við erum búin að vera að tala við þá í Keflavík en það er erfitt að ná í liðið. Það svarar bara ekki. Ég veit ekkert hvar hljóðfærin mín eru. Síðast þegar ég sá þau voru þau í Barcelona. Við hliðina á vélinni. Þetta er vond tilfinning get ég sagt þér. Þau koma vonandi með næstu vél, það væri óskandi.“

Ný plata er væntanleg frá The Vintage Caravan og eru útgáfutónleikarnir 31. ágúst í Iðnó. Síðan verður haldið á Græna hattinn 14. september en í október fer hljómsveitin á risatúr um Evrópu. Vonandi plokka þeir lögin sín og slá taktinn með sínum eigin hljóðfærum. Ef farangurinn skilar sér.

**benediktboas@frettabladid.is**



Hljómsveitin hafði verið að spila á Norður-Spáni og þurfti að taka tvö flug með Vueling til að komast til Íslands. Fyrra flugið gekk vel. MYND/VERÐI LJÓS

**VIÐ ERUM BÚNIR AÐ REYNA AÐ TALA VIÐ ÞÁ Í KEFLAVÍK, EN ÞAÐ ER ERFITT AÐ NÁ Í LIÐIÐ. ÞAÐ SVARAR BARA EKKI.**

## Staðreyndirnar

- Töfin varð alls 19 klukkutímar
- Farþegarnir voru sendir á hótel, 75 kílómetrum frá Barcelona
- Þar var sofið í tvo tíma
- Boðinn morgunmatur kl. 03, en sótt kl. 03.30
- Keyrð aftur til Barcelona
- Ferðalag Óskars tók alls 33 klukkustundir
- Hann vill fá endurgreitt

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*




Pinotex

## Pallaolía, 5 l

Smýgur djúpt inn í viðinn og hrindir vel frá sér vatni. Notið litaða olíu til að ná fram fullnægjandi UV-vörn. Hægt að fá í ýmsum gagnsæjum litbrigðum.

# KJARAKAUP HELGARINNAR!

# 2.445.-

Almennt verð: 3.495.-

BAUHAUS®

TILBOÐIÐ GILDIR EINGÖNGU FRÁ FIMMTUDEGINUM 14. JÚNÍ TL OG MEÐ MÁNUDEGINUM 18. JÚNÍ - S: 515-0800 - upplysingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is




## RAMSEY
hægindastóll

Skemmtilegur hægindastóll. Grátt, blátt eða bordeaux rautt sléttflauel. Einnig fáanlegt svart PU-áklæði.

**Fullt verð: 29.900 kr.**

Aðeins **19.900 kr.**




## JONNA
2,5 sæta sófi

Dusty Rose, skógar-grænt eða grátt sléttflauel.
Stærð: 169 x 89 x 87 cm.

**Fullt verð: 79.900 kr.**

Aðeins **51.935 kr.**

## OPUS
u-sófi

Antracite eða ljóst slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga.
Stærð: 335 x 227 / 170 cm

**Fullt verð: 259.900 kr.**




Aðeins **207.920 kr.**

## NATURE'S SUPREME
heilsurúm með Classic botni

| Stærð í cm | Fullt verð | Útsöluverð |
|---|---|---|
| 80x200 | 82.900 | **60.830** |
| 90x200 | 89.900 | **65.930** |
| 100x200 | 96.900 | **71.030** |
| 120x200 | 109.900 | **80.530** |
| 140x200 | 119.900 | **87.930** |
| 160x200 | 134.900 | **98.930** |
| 180x200 | 149.900 | **109.930** |




Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Aukahlutir á mynd: Gafl og koddar

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á m²
- Vandaðar kantstyrkingar

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í bækl-ingnum eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Verð gildir til 12. ágúst 2018 eða á meðan birgðir endast.*



DORMA
Láttu drauminn rætast
Sumarútsala
í fjórum búðum
Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði
www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF
OPIN
LÝKUR UM HELGINA
Sumar
útsala
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR
DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Kristins Inga Jónssonar



# Samkeppni skortir sárlega

Fyrir þrjátíu árum kostaði um 55 þúsund krónur að fljúga til Kaupmannahafnar og til baka. Það jafngildir um 260 þúsundum króna á verðlagi dagsins í dag. Nú er hægt að kaupa flugmiða fram og til baka frá dönsku höfuðborginni á liðlega 25 þúsund krónur. Samkeppni á flugmarkaði hefur gert það að verkum að framboð á flugferðum hefur stóraukist og flugfargjöld hríðlækkað. Það sama gildir um aðra markaði þar sem kraftar samkeppninnar hafa fengið að njóta sín.

Önnur lögmál gilda hins vegar um póstmarkaðinn þar sem ríkið hefur, enn sem fyrr, einkarétt til þess að dreifa bréfum undir 50 grömmum. Einokunin átti að tryggja sanngjarnt verð og trausta þjónustu. Fátt er fjær sanni.

Fyrir þremur áratugum var póstburðargjald á léttustu bréfunum til Evrópu um 15 krónur eða sem samsvarar um 90 krónum á núverandi verðlagi. Í dag kostar hins vegar 200 krónur að senda sams konar bréf til Evrópu. Verðið hefur meira en tvöfaldast. Og varla er hægt að halda því fram að þjónustan hafi batnað svo um munar. Flutningshraði pósts til Evrópu hefur til að mynda lítið breyst. Árið 1988 var síðasti skiladagur póstkorta sem áttu að berast til álfunnar fyrir jól 14. desember. Í fyrra þurfti að póstleggja jólakortin fyrir 15. desember.

Hluti póstmarkaðarins er vissulega frjáls en einokun ríkisins á dreifingu minnstu sendinganna skekkir samkeppnisstöðu einkafyrirtækja gagnvart ríkisrisanum og kemur í veg fyrir að neytendur geti notið raunverulegrar samkeppni.

Frjáls samkeppni hefur alls staðar sannað gildi sitt þar sem kraftar hennar hafa fengið að njóta sín. Það er engin ástæða til að ætla að önnur lögmál gildi um póstþjónustu.







